

Útgefin rafræn handbók er háð skilmálum og skilyrðum í "Nokia User's Guides Terms and Conditions, 7th June, 1998".

Notendahandbók



9354227

3. útgáfa

LEYFISYFIRLÝSING

Við, NOKIA CORPORATION lýsum því yfir og ábyrgjumst að framleiðsluvaran NPL-1 er í samræmi við eftirfarandi samþykkt: 1999/5/ EC. Eintak af yfirlýsingu um samkvæmni er að finna á slóðinni http://www.nokia.com/phones/declaration_of_conformity.

Copyright © 2002 Nokia. Öll réttindi áskilin.

Hvers konar afritun, yfirfærsla, dreifing eða varðveisla á hluta skjals þessa eða skjalsins alls er óheimil nema að fyrir fram fengnu skriflegu samþykki Nokia.

Nokia, Nokia Connecting People, Snake II, Space Impact og Bumper eru vörumerki eða skrásett vörumerki Nokia Corporation. Önnur vöruheiti eða heiti fyrirtækja sem nefnd eru hér geta verið vörumerki eða vöruheiti viðkomandi eigenda.

Nokia tune er vörumerki Nokia Corporation.

US Patent No 5818437 and other pending patents. T9 text input software Copyright (C) 1997-2002. Tegic Communications, Inc. All rights reserved.



Includes RSA BSAFE cryptographic or security protocol software from RSA Security.



Java and all Java-based marks are trademarks or registered trademarks of Sun Microsystems, Inc.

Nokia framfylgir stefnu sem felur í sér stöðuga þróun. Nokia áskilur sér rétt til að gera breytingar og úrbætur á hvers konar vöru sem getið er í þessu skjali án undangenginnar tilkynningar.

Nokia ber undir engum kringumstæðum ábyrgð á tapi gagna eða tekjutapi og ekki á beinu eða óbeinu tjóni, þar á meðal útlögðum kostnaði, tekjutapi eða missi ágóða, af hvaða orsökum sem tjón kann að vera.

Inntak þessa skjals er afhent „eins og það kemur fyrir“. Umfram það, er lög áskilja, er engin ábyrgð veitt, hvorki berum orðum eða undirskilin, á nákvæmni, áreiðanleika eða inntaki þessa skjals, á það meðal annars, en ekki eingöngu, við um söluhæfni eða ábyrgð á að varan henti tiltekinni notkun. Nokia áskilur sér rétt til að endurskoða skjalið eða draga það til baka hvenær sem er án undangenginnar tilkynningar.

Birgðir á tilteknum vörum geta verið breytilegar eftir svæðum. Vinsamlegast kannaðu málið hjá næsta söluaðila Nokia.

ÖRYGGISATRÍÐI	11
Almennar upplýsingar	14
Límiðar í kassanum	14
Aðgangsnúmer	14
Breytilegt minni	15
Yfirlit um aðgerðir sem fylgja símanum	16
Blátönn (Bluetooth)	16
GPRS (General Packet Radio Service)	16
HSCSD (High Speed Circuit Switched Data)	17
WAP (Wireless Application Protocol).....	18
Java™-aðgerðir.....	18
Raddbundnar aðgerðir	19
Tölvupóstur	19
1. Síminn	20
Lyklar og tenglar	20
Biðhamur	21
2. Þegar hafist er handa	23
SIM-korti og rafhlöðu komið fyrir	23
Hleðsla	25
Kveikt og slökkt á símanum.....	25
Takkalás (Takkavörður)	27

3. Hringiaðgerðir	28
Hringt	28
Síðasta númer endurvalið	28
Hringt í talhólf.....	29
Símanúmer hraðvalið	29
Símafundur.....	29
Hringingu er svarað eða henni hafnað.....	30
Símtal í bið	30
Valkostir sem hægt er að nýta meðan á símtali stendur.....	31
4. Texti ritaður:.....	32
Texti ritaður með gamla laginu	32
Texti ritaður með sjálfvirkri ritun	33
Sjálfvirk ritun gerð virk eða óvirk	33
Orð rituð með sjálfvirkri ritun.....	34
Samsett orð rituð.....	35
5. Símaskrá (Nöfn).....	36
Símaskrárstillingar valdar	36
Nöfn og símanúmer vistuð (Bæta í nafni)	37
Hvernig vista má mörg símanúmer og athugasemdir við sama nafn.....	37
Aðalnúmeri breytt	38
Leitað að nafni í símaskrá	39
Nafni, númeri eða athugasemd breytt.....	39
Nöfnum og númerum eytt.....	39
Símaskrár afritaðar	40
Sending og móttaka nafnspjalda.....	40
Hraðval.....	41

Raddval	42
Raddmerki tengt númeri	43
Hringt með raddmerki.....	43
Raddmerki spilað, því breytt eða eytt	44
Eigin númer.....	44
Upplýsinganúmer.....	44
Þjónustunúmer.....	44
Viðmælendahópar	45
6. Notkun valmyndarinnar.....	46
Farið í valmyndaraðgerð.....	46
Með skrúni	46
Með flýtvísun	46
Listi yfir valmyndaraðgerðir.....	47
7. Valmyndaraðgerðir.....	49
Skilaboð (valmynd 1).....	49
Skilaboð rituð og send	49
Tölvupósturritaður og sendur	50
Valkostir fyrir boðsendingar.....	51
Texta- og myndasnið	52
Textaskjalasnið sett inn í textaboð eða tölvupóst	52
Myndtextasnið sett inn í textaboð.....	52
Skilaboð eða tölvupóstur lesinn og svar sent	53
Samsett skilaboð	54
Möppurnar innihólf og úthólf.....	54
Boðunum eytt	54
Safnmappa og mínar möppur.....	55
Talboð.....	55
Skilaboð með upplýsingum	56

Þjónustuskipun.....	56
SMS-stillingar.....	56
Símtalaskrá (valmynd 2).....	57
Hringingum svarað eða ekki svarað	57
Hringt var í	58
Eyða nýlegum símtölum	58
Teljarar	58
Sérsnið (valmynd 3).....	59
Stillingar (valmynd 4)	60
Vekjaraklukka.....	60
Tímastillingar	61
Stillingar klukku.....	61
Stillingar dagsetningar	61
Sjálfvirk uppfærsla á dagsetningu og tíma.....	61
Símtalsstillingar	62
Flutningar.....	62
Lyklaborðssvar.....	62
Sjálfvirk endurval.....	63
Hraðval	63
Biðþjónusta fyrir símtöl.....	63
Uppl. eftir símtali	63
Númerabirting.....	63
Lína til að hringja.....	64
Símastillingar.....	64
Tungumál.....	64
Uppl. um endurvarpa.....	64
Opnunarkveðja	65
Val á neti	65
Staðfesta SIM-aðgerð	65

Kveikir á hjálpartextum.....	65
Byrjunartónn	66
Tónastillingar.....	66
Stillingar fyrir tengibúnað	67
Mótaldsstillingar fyrir GPRS.....	68
Öryggisstillingar.....	69
Setja upphafsstillingar.....	70
Leikir (valmynd 5)	70
Nýr leikur.....	70
Leikur með tveimur leikmönnum	70
Leikjaþjónusta og stillingar.....	71
Aðgerðir (valmynd 6).....	71
Aðgerð opnuð.....	72
Aðrir valkostir sem tiltækir eru fyrir hverja aðgerð eða aðgerðapakka	72
Aðgerð sótt	73
Kerfisupplýsingar birtar.....	74
Reiknivél (valmynd 7)	74
Gjaldmiðli breytt	75
Minnislisti (valmynd 8)	75
Dagbók (valmynd 9)	77
Athugasemd bætt í dagbók.....	78
Hljóðmerki frá símanum vegna athugasemdar	78
Innrautt (valmynd 10)	79
Blátönn (valmynd 11).....	80
Kveikt og slökkt á blátönn	80
Heiti blátannartækis	80
Pörun með aðgangsslykli Blátannar.....	81
Blátannartenging	81
Blátannarstillingar	82

Aukakostir (valmynd 12)	83
Talupptaka	83
Upptaka	83
Listi yfir upptökur	84
Raddskipanir	84
Veski	85
Kortaupplýsingar geymdar	85
Persónulegar athugasemdir	86
Veskisstillingar	86
Innkaup greidd með veskinu	87
Niðurtalning	87
Skeiðklukka	88
Tímataka og millitími	88
Hringtímar	89
Tímar skoðaðir og þeim eytt	89
WAP-þjónusta (valmynd 13)	89
Undirstöðuatriði varðandi aðgang og notkun á WAP-þjónustu	90
Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu	90
Mótteknar þjónustustillingar vistaðar	90
Þjónustustillingarnar færðar inn handvirkir	91
Tengst WAP-þjónustu	93
Vafrað á síðum WAP-þjónustu	94
Almennar leiðbeiningar um notkun takka símans	94
Beint val úr WAP	95
WAP-tenging rofin	96
Skjástillingar WAP-vafrans	96
Stillingar til að sækja af neti	97
Bókamerki	97
Bókamerki móttekið	98

Þjónustuhólf	98
Síminn stilltur til að taka á móti þjónustuboðum	99
Skyndiminnið	99
Öryggistákn	100
Öryggiseining	100
Rafræn undirskrift	100
Vottorð	101
Stillingar öryggiseiningar	102
SIM-þjónusta (valmynd 14)	103
8. Gagna- og símbréfasendingar	104
Samskiptaforrit og mótaldsreklar	104
PC Suite	104
Mótaldsuppsetning	105
GPRS - Fjarskiptaþjónusta	105
HSCSD (High Speed Circuit Switched Data)	105
Notkun gagnasamskiptaforrita	106
9. Um rafhlöður	107
Hleðsla og afhleðsla	107
UMHIRÐA OG VIÐHALD	109
MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR	110

Lesið þessar einföldu leiðbeiningar. Brot á reglum kann að vera hættulegt og getur varðað við lög. Nánari upplýsingar er að finna í handbókinni.



Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.



UMFERÐARÖRYGGI GENGUR FYRIR
Ekki má nota handsíma við akstur.



TRUFLUN
Allir þráðlausir símar geta orðið fyrir truflunum sem hafa áhrif á notagildi þeirra.



SLÖKKT SKAL Á SÍMANUM Á SJÚKRASTOFNUNUM
Fylgja ber öllum settum reglum. Slökkva skal á símanum nálægt lækningabúnaði.



HAFNA SKAL SLÖKKT Á SÍMANUM Í FLUGVÉLUM
Þráðlaus tæki geta valdið truflunum í flugvélum.



SLÖKKT SKAL Á SÍMANUM ÁÐUR EN ELDSNEYTI ER TEKID
Ekki má nota símann nærri eldsneytisdeilu. Notist ekki í námunda við eldsneyti eða sterk efni.



SLÖKKVA SKAL Á SÍMANUM ÞAR SEM VERID ER AÐ SPRENGJA
Ekki má nota símann þar sem verið er að sprengja. Virða skal takmarkanir og fara að settum reglum.



NOTIST AF SKYNSEMI
Notist aðeins í hefðbundinni stöðu. Forðast skal óþarfa snertingu við loftnetið.

**VIÐURKENND ÞJÓNUSTA**

Aðeins viðurkennt starfsfólk má setja upp eða gera við símaþúnað.

**FYLGISHLUTIR OG RAFHLÖÐUR**

Aðeins má nota samþykkt fylgihluti og rafhlöður. Ekki má tengja saman ósamhæf tæki.

**VATNSHELDNI**

Síminn er ekki vatnsheldur. Halda skal símanum þurrum.

**ÖRYGGISAFRIT**

Brýnt er að búa til öryggisafrit af öllum mikilvægum gögnum.

**TENING VIÐ ÖNNUR TÆKI**

Þegar síminn er tengdur öðru tæki skal lesa notendahandbók með því vandlega, einkum upplýsingar um öryggi. Ekki má tengja saman ósamhæf tæki.

**HRINGING**

Tryggja skal að kveikt sé á símanum og hann sé virkur. Símanúmerið ásamt svæðisnúmeri er fært inn og síðan er stutt á . Stutt er á  til að ljúka samtali. Stutt er á  til að svara hringingu.

**NEYÐARHRINGINGAR**

Tryggja skal að kveikt sé á símanum og hann sé virkur. Stutt er á  eins oft og þörf krefur (t.d. til að slíta samtali eða hætta í valmynd o.s.frv.) til að hreinsa skjáinn. Neyðarnúmerið er valið og síðan er stutt á . Gefa skal upp staðarákvörðun. Ekki má slíta samtali fyrr en að fengnum fyrirmælum þess efnis.

■ Sérþjónusta

Þráðlausi síminn sem lýst er í handbókinni er samþykktur til notkunar á GSM900, GSM 1800 og GSM1900.

Nokkrir eiginleikanna sem lýst er í þessari handbók eru kallaðir símkerfisþjónusta. Þetta er sérstök þjónusta sem hægt er að panta hjá þjónustuveitu. Slika þjónusta er aðeins hægt að nýta sér að fenginni áskrift hjá þjónustuveitu á staðnum sem einnig veitir upplýsingar um notkun hennar.



Til athugunar: Sum símkerfi styðja ekki alla séríslenska bókstafi og/eða þjónustu.

Athuga ber tegundarnúmer hleðslutækja áður en þau eru notuð með þessu símtæki. Þetta tæki er ætlað til notkunar við rafstraum úr ACP-7, ACP-8, ACP-12 og LCH-9.



Viðvörðun: Aðeins skal nota rafhlöður, hleðslutæki og fylgihluti sem framleiðandi símans hefur samþykkt til nota með tiltekinni tegund síma. Ef notaðar eru aðrar gerðir gæti öll ábyrgð og samþykki sem fylgir símanum fallið niður og slíkri notkun getur fylgt hættu.

Seljandi símans veitir upplýsingar um fánalega fylgihluti sem samþykktir eru til notkunar með símanum.

Þegar fylgihlutur er tekinn úr sambandi skal taka í klóna, ekki leiðsluna.

Almennar upplýsingar

■ Límmiðar í kassanum

Á límmiðunum eru mikilvægar upplýsingar um þjónustu við viðskiptavini.

Festa skal límmiðann **B** á ábyrgðarkortið.

Festa skal límmiðann **A** á boðskortið í Nokia-klúbbinn sem fylgir pakkanum.

■ Aðgangsnúmer

- **Öryggisnúmer (5 tölustafir):** Öryggisnúmerið fylgir símanum og kemur í veg fyrir að síminn sé notaður í leyfisleysi. Númerið er 12345. Breyta þarf númerinu í valmyndinni *Stillingar*, sjá Öryggisstillingar á bls. 69. Nýja númerinu skal haldið leyndu og á öruggum stað annars staðar en með símanum.

Ef stilla á símann þannig að númersins sé krafist skal fara eftir Öryggisstillingar á bls. 69.

- **PIN-númer (4–8 tölustafir):** PIN-númerið (Personal Identification Number) kemur í veg fyrir að SIM-kortið sé notað í leyfisleysi. PIN-númerið fylgir yfirleitt SIM-kortinu.

Best er að stilla símann þannig að PIN-númers sé alltaf krafist þegar kveikt er á símanum, sjá Öryggisstillingar á bls.69.

- **PIN2-númer (4–8 tölustafir):** PIN2-númerið fylgir ef til vill SIM-kortinu og kann að vera nauðsynlegt fyrir sumar aðgerðir, til dæmis birtingu kostnaðarteljara.

- **PUK og PUK2 númer (8 tölustafir):** Þörf er á PUK-númeri (Personal Unblocking Key) til að breyta lokuðu PIN-númeri. PUK2-númers er krafist þegar breyta á lokuðu PIN2-númeri. Hafi númer ekki fylgt SIM-kortinu skal hafa samband við þjónustuveituna og biðja um númer.
- **Lykilorð vegna útilokunar:** Lykilorði vegna útilokunar þarf að beita þegar notuð er *Útilokunar-þjónusta*, sjá Öryggisstillingar á bls. 69. Lykilorðið fæst hjá þjónustuveitunni.
- **Veskislykill (4–10 stafir):** Veskislykilinn þarf til að geta komist í veskisþjónustuna. Nánari upplýsingar eru í Veski á bls. 85.
- **PIN fyrir öryggiseiningu:** PIN fyrir öryggiseiningu þarf til að komast í upplýsingar í öryggiseiningu. PIN-númer öryggiseiningar fylgir SIM-kortinu ef í því er öryggiseining.
- **PIN-undirskrift:** PIN-undirskrift þarf fyrir rafrænu undirskriftina. PIN-undirskrift fylgir SIM-kortinu ef í því er öryggiseining.

■ Breytilegt minni

Í sumum aðgerðum Nokia 6310i farsímans er notað sameiginlegt minnissvæði (geymslusvæði) sem kallast breytilegt minni. Þegar þessar aðgerðir eru notaðar verður minna af lausu minni fyrir aðrar aðgerðir sem einnig eru háðar breytilegu minni.

Þetta á einkum við þegar aðgerðir eru mikið notaðar. Svo dæmi sé tekið geta 250 athugasemdir í dagbók tekið upp mestallt breytilegt minni sem er tiltækt. Ef reynt er að sækja Java-aðgerð eða vista veskisathugasemd geta því birst boð sem segja *Minni fullt*. Til að halda áfram gæti þurft að eyða einhverju af upplýsingunum eða færslunum sem fylla breytilega minnið.

Eftirfarandi aðgerðir samnýta breytilegt minni:

Athugasemdir í dagbók, Dagskrá, Java-aðgerðir, WAP-bókamerki, WAP -skyndiminni og veskisathugasemdir.

Yfirlit um aðgerðir sem fylgja símanum

Farsímanum Nokia 6310i fylgir fjöldi aðgerða sem koma sér vel í dagsins önn og má þar nefna klukku, vekjaraklukku, niðurteljara, leiki, reiknivél, dagbók, dagskrá og margt fleira.

■ Blátönn (Bluetooth)

Blátönn er kerfi sem gerir mögulegar þráðlausar tengingar milli raftækja innan allt að 10 metra hvert frá öðru. Ekkert gjald er tekið fyrir tengingu tækja um blátönn. Hægt er að nota blátannartengingu (Bluetooth) til að senda nafnspjöld og dagbókarathugasemdir. Nota má símann sem mótað fyrir fax og gögn eða til þráðlausrar tengingar við blátannarbúnað.

Í sumum löndum kunna að vera hömlur á notkun Blátannartækja. Upplýsingar um það fást hjá söluaðila og yfirvöldum í viðkomandi landi.

Sjá einnig Blátönn (valmynd 11) á bls. 80.

■ GPRS (General Packet Radio Service)

GPRS er tækni sem gerir kleift að nota farsíma til að senda gögn og taka við gögnum um dreifikerfið.

GPRS er í raun gagnaveita sem veitir aðgang að gagnakerfum eins og Interneti. Forritin sem nýta GPRS eru WAP, SMS-skilaboð og upphringing með GPRS (til dæmis fyrir Internet og tölvupóst).

Ef nota á GPRS

- Þarf að fá áskrift að GPRS-þjónustu.
Símafyrtækið eða þjónustuveitan gefa upplýsingar um GPRS-þjónustu og áskrift.
- Vista þarf stillingarnar fyrir GPRS vegna forritanna sem notuð eru með GPRS.
Sjá Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu á bls. 90.
Sjá SMS-stillingar á bls. 56.
Sjá Mótaldsstillingar fyrir GPRS á bls. 68 og Gagna- og símbréfasendingar á bls. 104.

Verð á GPRS og forritum

Virkt GPRS-samband er gjaldfært, einnig þegar notuð eru forrit sem nýta GPRS, t.d við WAP-þjónustu, gagnasendingar og gagnamóttöku og SMS-skilaboð. Símafyrtæki eða þjónustuveita gefur nánari upplýsingar um gjalddöku.

■ HSCSD (High Speed Circuit Switched Data)

Með símanum er hægt að nota háhraðagagnþjónustu GSM. Hægt er að nota háhraðamöguleikann þegar síminn er tengdur við samhæfa tölvu um IR-tengingu, kapal eða blátönn þegar mótaldsreklar sem styðja háhraðagögn eru uppsettir á tölvunni og valdir sem virkt mótald.

Símafyrtækið eða þjónustuveitan gefa upplýsingar um háhraðagagnþjónustu og áskrift.
Sjá einnig Gagna- og símbréfasendingar á bls. 104.

■ WAP (Wireless Application Protocol)

Hægt er að fá aðgang að margvíslegri WAP-þjónustu, til dæmis banka, fréttum, veðurfregnum og komu- og brottfarartímum flugvéla. Þessi þjónusta er sérstaklega sniðin að farsímum og er á vegum WAP-þjónustuveitna.

Símafyrirtækið og/eða viðkomandi þjónustuveita gefur upplýsingar um WAP-þjónustu, verð og gjaldskrár. Þjónustuveitur gefa líka leiðbeiningar um hvernig þjónustan skuli notuð.

Sjá WAP-þjónusta (valmynd 13) á bls. 89.

■ Java™-aðgerðir

Síminn styður Java™ tækni og í honum eru Java-aðgerðir sem hafa verið sérstaklega hannaðar fyrir farsíma. Hægt er að sækja fleiri aðgerðir, allt að 30kB hverja, úr PC-tölvu með Nokia Application Installer eða úr WAP-þjónustu.

Sjá Aðgerðir (valmynd 6) á bls. 71.

Nánari upplýsingar um það hvernig aðgerðir eru sóttar má finna í WAP-þjónusta (valmynd 13) á bls. 89.

■ Raddbundnar aðgerðir

Símanum fylgja eftirtaldar raddbundnar aðgerðir:

- Raddstýrt val til að hringja með raddmerki, sjá Raddval á bls. 42.
- Raddskipanir til að gangsetja tiltekna aðgerðir í símanum sem birtast í valmyndinni *Raddskipanir* sjá Raddskipanir á bls. 84.
- Upptökutæki fyrir raddupptökur, sjá Talupptaka á bls. 83.

■ Tölvupóstur


Hægt er að nota símann til að taka á móti og senda tölvupóstboð.

Símafyritækið eða þjónustuveitan gefa upplýsingar um tölvupóstþjónustu og áskrift.

Sjá einnig Tölvupóstur ritaður og sendur á bls. 50.

1. Síminn

■ Lyklar og tenglar



1. Rofi,

Til að kveikja og slökkva á símanum

Ef stutt er á rofann þegar verið er í símaskránni eða valmyndunum, eða þegar takkarnir eru læstir, kviknar ljós á skjánum í 15 sekúndur.

2. Styrkstilling

Efri takinn hækkar og neðri takinn lækkar hljóðstyrkinn í heyrnartólinu.

3. Valtakkar, og

Hlutverk takkanna fer eftir textanum sem birtast yfir tökkunum, til dæmis **Valmynd** og **Nöfn** í biðham.

4. Valtakkar, og

Gera kleift að fletta nöfnum, símanúmerum, valmyndum eða stillingum.


5. velur símanúmer og svarar hringingu. Í biðham birtist það númer sem síðast var hringt til.

6. bindur enda á samtál. Hættir aðgerð

7. - rita tölur og bókstafi. Ef stutt er á og takkanum haldið niðri er hringt í talhólfsnúmerið.

og þjóna mismunandi tilgangi í ólíkum aðgerðum.

- 1 – Tengi fyrir hleðslutæki
- 2 – Tengi fyrir heyrnartól og gagnaflutninga
- 3 – Innrauð (IR) gátt
- 4 – Rofi



■ Biðhamur



Síminn er í biðham þegar hann er tilbúinn til notkunar og notandinn hefur ekki fært inn neina stafi.

Valtakkar í biðham eru þessir [Valmynd](#) og [Nöfn](#).

xxxx Gefur til kynna í hvaða farsímakerfi verið er að nota símann.

🔔 Sýnir sendistyrk farsímakerfisins á viðkomandi stað. Því fleiri strik, þeim mun meiri sendistyrkur.

🔋 Sýnir hleðslu rafhlöðunnar. Því fleiri strik, þeim mun meiri hleðsla.

Aðrir mikilvægir vísar í biðham:


-  Gefur til kynna að ein eða fleiri textaboð eða myndboð hafa verið móttækin. Sjá Skilaboð eða tölvupóstur lesinn og svar sent á bls. 53.
-  Gefur til kynna að ein eða fleiri talhólfboð hafa verið móttækin. Sjá Talboð á bls. 55.
-  Gefur til kynna að takkarnir á símanum eru læstir. Sjá Takkalás (Takkavörður) á bls. 27.
-  Síminn hringir ekki við móttöku samtals eða textaboða þegar *Velja hringingu* er stillt á *Slökkt* og *SMS-hringing* er stillt á *Slökkt*. Sjá Tónastillingar á bls. 66.
-  Vekjaraklukka er stillt á *Virk*. Sjá Vekjaraklukka á bls. 60.
-  Niðurteljarinn er í gangi. Sjá Niðurtalning á bls. 87.
-  Öllum símtölum er beint til annars númers, *Flytja öll símtöl*. Ef um er að ræða tvær símalínur er teiknið fyrir samtalsflutning fyrir fyrri línuna  og fyrir þá síðari er það . Sjá Flutningar á bls. 62.
-  Gefur til kynna að símtöl takmarkast við lokaðan notendahóp (sérþjónustu). Sjá Öryggisstillingar á bls. 69.
-  Blátönn er virk. Sjá Blátönn (valmynd 11) á bls. 80.

2. Þegar hafist er handa


■ SIM-korti og rafhlöðu komið fyrir

Öll SIM-örkort skal geyma þar sem börn ná ekki til.




- SIM-kort og snertisvæði þess geta auðveldlega skemmst ef kortið rispast eða bognar. Það þarf því að meðhöndla kortið af varkárni þegar það er sett í símann eða fjarlæggt.
 - Áður en SIM-kort er sett í símann þarf að gæta þess að slökkva fyrst á símanum og fjarlægja síðan rafhlöðuna.
1. Bakhlið símans er snúið upp og stutt á lausnarhnappinn (1). Rafhlöðunni er rennt af símanum (2).



2. SIM-kortsfestingunni (3) er rennt fram eins og hér er sýnt.



3. SIM-kortinu er komið fyrir í símanum (4). Ganga skal úr skugga um að SIM-kortið sitji rétt og að gyllti snertiflöturinn vísi niður.
4. Kortafestingunni er rennt yfir SIM-kortið til að festa það á sínum stað (5).
5. Rafhlöðunni er komið fyrir aftan á símanum (6) og rennt upp eftir honum þar til hún er föst á sínum stað (7).




■ Hleðsla

1. Snúrunni úr hleðslutækinu er stungið í samband neðst á símanum.
2. Hleðslutækinu er stungið í samband.

Textinn *Rafhlaða hleður sig* birtist snöggvast ef kveikt er á símanum. Ef rafhlaðan er alveg tóm geta liðið nokkrar mínútur þar til hleðsluvísirinn birtist á skjánum eða hægt er að hringja.

Óhætt er að nota símann meðan verið er að hlaða hann.

Hleðslutíminn fer eftir hleðslutækinu og rafhlöðunni. Til dæmis tekur um 1 klst. og 40 mínútur að hlaða BPS-2 rafhlöðu með ACP-12-hleðslutækinu.



■ Kveikt og slökkt á símanum

Stutt er á rofann og honum haldið niðri, .

Ef þá birtist textinn *Styður ekki SIM-kort* þótt búið sé að koma SIM-kortinu fyrir skal hafa samband við símafyrirtæki eða þjónustuveitu. Síminn getur ekki nýtt 5 volta SIM-kort og ef til vill þarf að fá nýtt kort.

- Ef beðið er um PIN-númer er það fært inn (það birtist sem ****), og svo er stutt á **Í lagi**.

Sjá einnig *Krefjast PIN-númers* í Öryggisstillingar á bls. 69 og Aðgangsnúmer á bls. 14.

- Ef beðið er um öryggisnúmer er það fært inn (það birtist sem *****), og svo er stutt á **Í lagi**.
Sjá einnig Aðgangsnúmer á bls. 14.





Viðvörðun: Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

ÁBENDINGAR TIL AÐ NÁ SEM BESTRI VIRKNI: Innbyggt loftnet er í símanum. Forðast skal óþarfa snertingu við loftnetin þegar kveikt er á símanum. Snerting við loftnetið hefur áhrif á móttökuskilyrði og getur valdið því að síminn noti meiri sendiorku en nauðsynlegt er. Loftnetið og síminn vinna best ef ekki er snert á loftnetinu meðan á samtali stendur.



■ Takkalás (Takkavörður)

Hægt er að læsa takkaborðinu til að hindra að óvart sé stutt á takkana.

- Tökkunum læst

Í biðham er stutt á **Valmynd** og síðan á  innan hálftrar annarrar sekúndu.

Þegar takkarnir eru læstir birtist  efst á skjánum.

- Læsing tekin af tökkunum

Stutt er á **Úr lás** og svo á  innan hálftrar annarrar sekúndu til að taka læsinguna af tökkunum.


- Þegar kveikt er á takkaverðinum:

Stutt er á  til að svara hringingu. Hægt er að nota aðgerðir símans á venjulegan hátt í símtali.

Þegar símtali er slitið eða því hafnað læsast takkarnir sjálfkrafa.



Til athugunar: Þegar kveikt er á takkaverði gæti eftir sem áður verið hægt að hringja í neyðarnúmerið sem síminn er stilltur á (t.d. 112 eða annað opinbert neyðarnúmer). Neyðarnúmerið er valið og síðan er stutt á . Númerið birtist ekki fyrr en síðasti stafurinn í því hefur verið valinn.



Þegar hafist er handa

3. Hringiaðgerðir

■ Hringt

1. Svæðis- og símanúmer er valið. Ef breyta á tölunni sem birtist er stutt á  eða  til að færa bendilinn og **Hreinsa** til að fjarlægja tölustafinn vinstra megin við bendilinn.

Þegar hringt er milli landa er stutt tvisvar á  til að hringja úr landi (táknioð + kemur í stað aðgangsnúmers fyrir millilandasímtöl) og svo er valið landsnúmer, svæðisnúmer og símanúmer.

2. Stutt er á  til að hringja í númerið.
3. Stutt er á  eða **Leggja á** til að slíta símtali eða hætta við að hringja.

Þegar síminn er notaður með viðtengda handfrjálsa búnaðinum CARK-91 er hægt að skipta úr handfrjálsu símtali og tala beint í símann með því að aftengja CARK-91 búnaðinn. CARK-91 búnaðurinn er síðan tengdur aftur við símann til að nota símann handfrjálst.

Hringt úr símaskrá

1. Sjá Leitað að nafni í símaskrá á bls. 39.
2. Stutt er á  til að hringja í númerið sem birtist.

Síðasta númer endurvalið

Í biðham er stutt á  einu sinni til þess að fá fram lista yfir síðustu tuttugu númerin sem valin hafa verið. Skrúnað er að viðeigandi númeri eða nafni og stutt á  til að hringja í númerið.

Hringt í talhólf

Í biðham er stutt á  og haldið niðri, eða stutt er á  og .

Ef beðið er um númer talhólfs er það valið og stutt á **Í lagi**. Sjá einnig Talboð á bls. 55.

Símanúmer hraðvalið

Ef hraðvalstakka ( til ) hefur verið úthlutað símanúmeri er hægt að hringja í það númer á einhvern eftirtalinn hátt:

- Stutt er á viðeigandi hraðvalstakka og síðan er stutt á .
- Ef **Hraðval** er virkt er stutt á hraðvalstakka og honum haldið niðri uns símtal hefst. Sjá Hraðval á bls. 63.
- Sjá einnig Hraðval á bls. 41.

Símafundur

Um er að ræða sérþjónustu sem gerir kleift að halda símafund með allt að sex þátttakendum.

1. Hringt er til fyrsta þátttakanda.
2. Hringt er til annars þátttakanda með því að styðja á **Valkostir** og velja kostinn **Ný hringing**.
3. Númer þátttakandans er fært inn eða flett upp á því í minni, síðan er stutt á **Hringja**. Fyrsta símtalið er sett í bið.
4. Þegar næstu hringingu er svarað er fyrsti þátttakandinn í símafundinum sóttur. Stutt er á **Valkostir** og valið **Símafundur**.
5. Ef bæta á nýjum þátttakanda í símtalið eru 2. til 4. liður endurteknir.

6. Einkasamtal við einn þáttakanda:

Stutt er á **Valkostir** og valið **Einkasamtal**. Skrúnað er að viðkomandi þátttakanda og stutt á **Í lagi**. Þegar einkasamtalinu er lokið næst aftur samband við símafundinn eins og lýst er í 4. lið.

7. Ef ljúka á símafundinum er stutt á .

■ Hringingu er svarað eða henni hafnað

Stutt er á  til að svara hringingu og á  til að ljúka símtali.

Stutt er á  til að hafna símtali.

Ef stutt er á **Hljótt** hættir hringitónninn að heyrast. Síðan er hringingunni svarað eða henni hafnað.



Ábending: Ef aðgerðin **Flytja þegar síminn er á tali** er stillt á samtalsflutning, til dæmis í talhólfíð, verður símtal einnig flutt ef því er hafnað. Sjá Flutningar á bls. 62.

Símtal í bið

Hægt er að svara hringingu þótt símtal standi yfir ef búið er að gera virka aðgerðina **Biðþjónusta fyrir símtöl**, sjá Biðþjónusta fyrir símtöl á bls. 63.

Meðan á símtali stendur er stutt á  til að svara hringingu í bið. Fyrsta símtalið er sett í bið. Stutt er á  til að rjúfa símtalið sem stendur yfir.

■ Valkostir sem hægt er að nýta meðan á símtali stendur

Stutt er á **Valkostir** meðan á símtali stendur til að kalla fram eftirtalda valkosti, sumir þeirra eru sérþjónustuvalkostir (ef þeir eru tiltækir hjá þjónustuveitunni og símafyrirtækinu í viðkomandi símtali):

Hljóðnemi af eða *Hljóðnemi á*, *Slíta símtali*, *Slíta öllum*, *Símaskrá*, *Valmynd* og *Símtal í bið* eða *Úr bið*, *Ný hringing*, *Símafundur*, *Einkasamtal*, *Svara* og *Hafna*.

Senda DTMF nýtist við að senda DTMF-tóna, til dæmis aðgangsorð eða reikningsnúmer. DTMF-strengurinn er færður inn eða hans leitað í símaskránni og stutt á **Í lagi**. Hægt er að færa inn biðbókstafinn w og hléþóbókstafinn p með því að margstyðja á ***+.**

Aðgerðin *Víxla* er notuð til að fara milli símtals og annars í bið, *Flytja símtal* til að tengja símtal í bið við yfirstandandi símtal og aftengjast sjálfur símtölunum, og *Taka upp* til að hefja upptöku.

4. Texti ritaður:

Hægt er að færa inn texta á tvo mismunandi vegu, annaðhvort með gamla laginu eða með annarri aðferð sem er kölluð sjálfvirk ritun.

■ Texti ritaður með gamla laginu

Visirinn  sést efst til vinstri á skjámyndinni þegar ritaður er texti með gamla laginu.

- Stutt er á tölutakka,  til , þar til viðkomandi bókstafur birtist. Ekki eru allir stafir á tölutakka prentaðir á takkann. Tiltækir bókstafir velta á tungumálinu sem valið hefur verið í valmyndinni *Tungumál*. Sjá Tungumál á bls. 64.

Ef rita á tölustaf er stutt á samsvarandi takka og honum haldið niðri.

- Ef fara á milli bókstafa- og tölustafahams er stutt á  og honum haldið niðri. Tölustafahamur er gefinn til kynna með 123 efst á skjánum.
 - Ef næsti bókstafur er á sama takka og sá sem verið er að rita er beðið þar til bendillinn birtist á ný eða stutt á  eða  og síðan er stafurinn valinn.
 - Ef leiðrétt á villu er stutt á *Hreinsa* til að fjarlægja stafinn vinstra megin við bendilinn. Stutt er á *Hreinsa* og honum haldið niðri, þá er fljótlegra en ella að fjarlægja stafina.
 - Algengustu greinarmerki og sérstafir fást með því að styðja á tölutakkann .
- Ef stutt er á  kemur upp listi yfir sérstafi. Skrúnað er í gegnum listann og stutt á *Nota* til að velja bókstaf.

Fljótlega er að skruna í gegnum listann ef stutt er á , ,  eða , svo er stutt á  til að velja bókstaf.

- Bil er fært inn með því að styðja á .
- Stutt er á  til að skipta snöggð á milli hástafa og lágstafa. Tákníð ABC eða abc sem birtist efst á skjánum gefur til kynna hvort er valið, hástafir eða lágstafir.
- Stutt er á  eða  til að færa bendilinn til hægri eða til vinstri, eftir því sem við á.

■ Texti ritaður með sjálfvirkri ritun

Hægt er að rita hvaða bókstaf sem er með því að styðja einu sinni á takka. Þessi ritun byggist á innbyggðu orðabókinni sem einnig er hægt að bæta í nýjum orðum. Þegar orðabókin er orðin full kemur nýja orðið í stað þess sem lengst er síðan að bætt var við. Vísirinn  sést efst til vinstri á skjámyndinni þegar ritaður er texti með sjálfvirkri ritun.

Sjálfvirk ritun gerð virk eða óvirk

Þegar texti er ritaður er stutt á **Valkostir** og valinn kosturinn **Orðabók**.

- Sjálfvirkri ritun er hætt með því að velja **Orðabók óvirk**.
- Sjálfvirk ritun er gerð virk með því að velja tungumál af listanum með orðabókinni. Sjálfvirk ritun er aðeins tiltæk á þeim tungumálum sem skráð eru í listann yfir valkosti í orðabók.



Ábending: Fljótlegt er að gera sjálfvirka ritun virka eða óvirka ef stutt er tvisvar á  meðan texti er ritaður.

Orð rituð með sjálfvirkri ritun

1. Byrjað er á að rita orð með tökkunum **2 abc** til **9 wxyz**. Aðeins er stutt einu sinni á takka fyrir hvern staf. Orðið breytist í hvert sinn sem stutt er á takka.

Ef til dæmis á að rita **Nokia** þegar enska orðabókin hefur verið valin er stutt á **6 mno** til að rita N, **6 mno** til að rita o, **5 jkl** til að rita k, **4 ghi** til að rita i og **2 abc** til að rita a:



Auk tölutakkanna má nota aðra takka sem hér segir:

- Ef fjarlægja á staf vinstra megin við bendilinn er stutt á **Hreinsa**. Stutt er á **Hreinsa** og honum haldið niðri, þá er fljótlegra en ella að fjarlægja stafina.
- Ef skipta á úr hástöfum í lágstafi eða öfugt **# v**, og til að fara milli bókstafa- og tölustafahams er stutt á **# v** og honum haldið niðri.
- Ef bæta á í tákni er stutt á *** +** og honum haldið niðri, eða stutt á **Valkostir** og valinn kosturinn **Bæta í tákni**. Skrúnað er að viðeigandi tákni og stutt á **Nota**.

Fljótlegra er að skrúna í gegnum listann ef stutt er á **2 abc**, **4 ghi**, **6 mno** eða **8 tuv**, svo er stutt á **5 jkl** til að velja bókstaf.

- Ef bæta á í tölustaf í bókstafaham er stutt á viðeigandi tölustaf og honum haldið niðri, eða stutt á takkann **Valkostir** og valinn kosturinn **Bæta í númeri**. Tölustafirnir eru færðir inn og stutt á **Í lagi**.
- Ef bæta á í nafni eða símanúmeri með því að finna það í símaskránni er stutt á **Valkostir** og valinn kosturinn **Bæta nafni** í eða **Bæta í númeri**.

- Ef skjóta á inn orði er stutt á **Valkostir** og valinn kosturinn **Bæta í orði**. Orðið er ritað með gamla laginu og svo er stutt á **Vista**. Orðinu er einnig bætt í orðabókina.
2. Þegar lokið er við að rita orðið og það er rétt er það staðfest með því að styðja á  eða bæta við bili með .

Ef orðið er rangt er um eftirtalda kosti að ræða:

- Stutt er á  hvað eftir annað þar til orðið birtist og það síðan staðfest.
- Stutt er á **Valkostir** og valið **Skoða fleiri**.

Ef greinarmerkið ? birtist aftan við orðið er orðið sem ætlunin var að rita ekki í orðabókinni. Ef bæta á orðinu í orðabókina er stutt á **Stafa**, orðið er fært inn (með gamla laginu) og stutt á **Vista**. Þegar orðabókin er orðin full kemur nýja orðið í stað þess sem lengst er síðan að bætt var við.

3. Þá er byrjað að rita næsta orð.

Samsett orð rituð

Fyrri hluti orðsins er færður inn og hann staðfestur með því að styðja á . Seinni hluti samsetta orðsins er færður inn og hann staðfestur með því að styðja á  eða .

5. Símaskrá (Nöfn)

Hægt er að vista nöfn og símanúmer í minni símans (símaskrá símans) eða í minni SIM-kortsins (SIM-símaskrá).

- Símaskrá símans getur geymt allt að 500 nöfn ásamt símanúmerum og athugasemdum við hvert nafn. Heildarfjöldi nafna sem hægt er að vista í senn veltur á lengd nafnanna, númerum og meðfylgjandi athugasemdum.
- Síminn styður SIM-kort sem geta geymt allt að 250 nöfn og símanúmer. Nöfn og númer sem vistuð eru í minni SIM-kortsins eru auðkennd með .

■ Símaskrárstillingar valdar

1. Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Stillingar*.
2. Valinn er kosturinn *Minni í notkun* og svo valinn einn eftirtalinna kosta:
Sími og SIM til að nýta nöfn og númer úr báðum símaskráum. Þá vistast nöfnin og númerin í minni símans.
Sími til að nota símaskrá símans.
SIM-kort til að nota símaskrá SIM-kortsins.
3. Valinn er kosturinn *Sýna símaskrá* og svo valinn einn eftirtalinna kosta:
Nafnaskrá til að birta þrjú nöfn í senn.
Nafn og númer til að birta eitt nafn og eitt númer í senn.

4. Valinn er kosturinn *Sýna stöðu minnis*. Valinn er kosturinn *Sími* eða *SIM-kort* til að athuga fjölda nafna og númera sem vistuð eru og hve mörgum er hægt að bæta í símaskrána sem valin hefur verið.

■ Nöfn og símanúmer vistuð (Bæta í nafni)

Nöfn og símanúmer vistast í minni í notkun, sjá Símaskrárstillingar valdar hér að framan.

1. Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Bæta í*.
2. Nafnið er fært inn og stutt á **Í lagi**. Sjá Texti ritaður: á bls. 32.
3. Símanúmerið er valið og stutt á **Í lagi**. Þegar númer er fært inn skal fara eftir Hringt á bls. 28.
4. Þegar búið er að vista nafn og númer er stutt á **Búið**.



Ábending: Hraðvistun

Símanúmerið er fært inn í biðham. Stutt er á **Valkostir** og valið *Vista*. Nafnið er fært inn og stutt á **Í lagi**.

Hvernig vista má mörg símanúmer og athugasemdir við sama nafn

Hægt er að vista allt að fimm símanúmer og fjórar stuttar athugasemdir við hvert nafn í símaskrá símans. Athugasemdir geta verið pósthfang, netfang, athugasemd eða veffang.

Fyrsta númerið sem vistað er við nafn verður sjálfkrafa aðalnúmer og auðkennt með ☎. Þegar nafn er valið úr símaskrá, til dæmis til að hringja eða senda boð, er aðalnúmerið notað nema annað númer hafi verið valið.

1. Minni í notkun þarf að vera annaðhvort *Sími* eða *Sími og SIM*. Sjá Símaskrárstillingar valdar á bls. 36.

2. Aðgangur að nafna- og númeralista fæst ef stutt er á  eða  í biðham.
3. Ef bæta á númeri eða athugasemd við nafn sem vistað er í símaskrá símans er skrunað að nafninu og stutt á **Nánar**. (Ef nafnið er ekki vistað í símanum verður spurt hvort vista eigi nafnið þar.)
4. Stutt er á **Valkostir** og valinn kosturinn *Bæta númeri við* eða *Bæta v. upplýs.*
5. Valin er ein eftirtalinna númera- eða textagerða:
 -  *Almennt* er sú gerð sem sjálfgefin er fyrir númer ef ekki hefur verið stillt á aðra. Aðrar gerðir eru  *Farsími*,  *Heimasími*,  *Vinnusími* og  *Símbréf*.
 - Gerðir texta eru  *Netfang*,  *Veffang*,  *Póstfang* og  *Athugasemd*.
 - Ef breyta á gerð númers eða texta er valinn kosturinn *Breyta tegund* af lista yfir valkosti.
6. Númerið er fært inn, eða textinn, og stutt á **Í lagi** til að vista það.
7. Stutt er á **Til baka** og síðan á **Hætta** til að fara aftur í biðham.

Aðalnúmeri breytt

Stutt er á  eða  í biðham, skrunað að viðeigandi nafni og stutt á **Nánar**. Skrunað er að númerinu sem á að velja sem aðalnúmer. Stutt er á **Valkostir** og valinn kosturinn *Velja aðaln.*

■ Leitað að nafni í símaskrá

1. Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Leita*.
2. Annaðhvort er stutt á kostinn **Skrá** til að komast í símaskrána, eða ritaður er fyrsti stafurinn í nafninu sem á að leita að og stutt á **Leita**. Nöfnin sem geta átt við birtast á skjánum.
3. Skrunað er að viðeigandi nafni og stutt á **Náðar**. Skrunað er til að skoða upplýsingar með nafninu sem valið var.



Ábending: Fljótlegt er að hafa uppi á nafni og símanúmeri ef stutt er á  eða  í biðham. Ritaður er fyrsti stafurinn í nafni eða skrunað að nafninu sem velja á.

■ Nafni, númeri eða athugasemd breytt.

Nafnið og númerið sem á að breyta er sótt og stutt á **Náðar**. Nafnið eða númerið sem á að breyta er sótt og stutt á **Valkostir**. Valinn er kosturinn *Breyta nafni*, *Breyta númeri* eða *Breyta upplýs.*, svo er nafni, númeri eða texta breytt og stutt á **Í lagi**.

■ Nöfnum og númerum eytt

Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Eyða*.

- Ef eyða á einu nafni og númeri í senn er valinn kosturinn *Hverju fyrir sig* og skrunað að nafni (og númeri) sem á að eyða. Stutt er á **Eyða** og síðan á **Í lagi** til staðfestingar.
- Ef eyða á öllum nöfnum og símanúmerum í símaskránni í einu er valinn kosturinn *Eyða öllum* og svo er skrunað að símaskránni, *Síma* eða *SÍM-korti* og stutt á **Eyða**. Stutt er á **Í lagi** og aðgerð staðfest með öryggisnúmeri.

■ Símaskrár afritaðar

Hægt er að afrita nöfn og símanúmer úr minni símans yfir í minni SIM-kortsins og öfugt.

1. Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn **Afrita**.
2. Valin er afritunarstefna, *Frá símanum til SIM-korts* eða *Frá SIM-korti til símans*.
3. Skrunað er að **Eitt í einu**, **Allt** eða **Aðalnúmer**

Aðalnúmer birtist ef afritað er úr síma á SIM-kort. Aðeins eru afrituð aðalnúmerin.

Ef valið var **Eitt í einu** er skrunað að nafninu sem á að afrita og stutt á **Afrita**.

4. Valið er um að halda upprunalegum nöfnum og númerum eða eyða þeim með því að velja **Geyma frumrit** eða **Færa frumrit**.

Ef valið er **Allt** eða **Aðalnúmer** er stutt á **Í lagi** þegar textinn *Byrja að afrita?* eða **Færir** birtist.

■ Sending og móttaka nafnspjalda

Hægt er að senda eða taka á móti persónulegum upplýsingum, til dæmis nafnspjaldi, annaðhvort um IR (innrauðu tengið), blátönn eða sem textaboðum ef kerfið styður slíkar sendingar.

- Tekið við nafnspjaldi

Gengið er úr skugga um að síminn geti tekið við gögnum um IR-tengið, sjá Innrautt (valmynd 10) á bls. 79 eða um blátönn (virkja þarf blátönn í símanum, sjá Kveikt og slökkt á blátönn á bls. 80). Notandi hins símans getur nú sent nafnið og símanúmerið um sama miðil.

Þegar tekið hefur verið við nafnspjaldi um IR, Blátönn eða sem textaboðum er stutt á **Sýna**. Stutt er á **Valkostir** og valinn kosturinn **Vista** til að vista nafnspjaldið í minni símans, eða **Fleggja** til að fleggja nafnspjaldinu sem barst.

- **Nafnspjald sent**

Með innrauðu tengi símans eða blátönn er hægt að senda upplýsingar sem nafnspjald til samhæfs síma eða annars handtækis sem notir vCard-staðalinn.

1. Í símaskránni er leitað að nafni og síma sem á að senda, stutt á kostinn **Valkostir** og valinn kosturinn *Senda nafnspj.*
2. Ef senda á nafnspjald um IR ber að ganga úr skugga um að hinn síminn eða tölvan geti tekið við gögnum um IR-tengi og velja *Með IR*.

Ef senda á nafnspjald um blátönn er valið *Með Bluetooth*. Blátönn verður sjálfkrafa virk í símanum. Nánari upplýsingar eru í Kveikt og slökkt á blátönn.

Ef senda á nafnspjald sem textaboð er valinn kosturinn *Sem skilaboð*.

■ Hraðval

Hringt með hraðvalstökkum, sjá Símanúmer hraðvalið á bls. 29.

Hraðvalstakka úthlutað símanúmeri

Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Hraðvalsnúmer*. Skrúnað er að viðeigandi hraðvalstakkanúmeri og stutt á **Velja**. Ef þegar er búið að tengja númer við takkann er stutt á **Valkostir** og þá er hægt að skoða, breyta eða eyða viðkomandi númeri.

Stutt er á **Leita**, og valið nafnið og síðan númerið sem á að tengja við hraðvalstakka.

■ Raddval

Hægt er að hringja með því að mæla af munni fram raddmerki sem tengt hefur verið tilteknu símanúmeri. Hægt er að setja inn allt að tíu raddmerki. Raddmerki getur verið hvers kyns orð, svo sem nafn viðkomandi.

Áður en raddstýrt val er notað skal bent á eftirfarandi:

- Raddmerki eru ekki háð tungumáli. Þau eru háð rödd þess sem talar.
- Raddmerki eru næm fyrir umhverfishljóðum. Þau skal hljóðrita og nota í hljóðlátu umhverfi.
- Þegar raddmerki er hljóðritað eða hringt er með því að gefa raddmerki er símanum haldið í hefðbundinni stöðu við eyrað.
- Ekki er hægt að nota mjög stutt nöfn. Nota skal löng nöfn og forðast áþekk nöfn fyrir mismunandi númer.



Til athugunar: Nafnið þarf að bera fram nákvæmlega eins og það var hljóðritað. Þetta gæti verið erfitt, til dæmis í hávaðasömu umhverfi eða í neyðartilvikum, því ætti ekki að treysta eingöngu á raddstýrt val við allar aðstæður.

Raddmerki tengt númeri

Þau símanúmer og þau nöfn sem á að bæta raddmerkjum við eru vistuð eða afrituð í minni símans. Einnig má bæta raddmerkjum við nöfn á SIM-korti en ef skipt er um SIM-kort þarf að eyða gömlum raddmerkjum áður en hægt er að bæta við nýjum.

1. Í biðham er stutt á  eða .
2. Skrunað er að nafninu sem bæta á raddmerki við og stutt á **Návar**. Skrunað er að viðeigandi númeri og stutt á **Valkostir**.
3. Valinn er kosturinn *Skrá raddmerki*.
4. Stutt er á **Byrja**, og orðin sem nota á sem raddmerki sögð skýrt og greinilega. Þegar upptöku er lokið leikur síminn upptekna raddmerkið.
5. Þegar búið er að vista raddmerkið birtast boðin *Raddmerki vistað* enn fremur heyrast hljóðmerki og táknið  auðkennir símanúmerið sem ber raddmerkið.

Hringt með raddmerki

Ekki er hægt að nota raddval til að hringja þegar tæki nýtir GPRS-tengingu til að senda gögn eða taka á móti gögnum. Ef nota á raddmerki til að hringja þarf að loka aðgerðinni sem nýtir GPRS-tenginguna.

1. Í biðham er stutt á hljóðlækkunartakka og honum haldið niðri, eða stutt er á takkann **Nöfn** og honum haldið niðri. Stutt hljóðmerki heyrast og *Tala núna* birtist.
2. Raddmerkið þarf að vera skýrt.
3. Síminn spilar merkið og velur sjálfkrafa númerið með raddmerkinu sem hann hefur uppi á eftir eina og hálfa sekúndu.

Ef notuð eru heyrnartól er heyrnartólstakkanum haldið niðri þegar raddval hefst.

Raddmerki spilað, því breytt eða eytt

Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Raddmerki*. Skrunað er að nafninu með viðkomandi raddmerki og stutt á **Valkostir**.

- Ef spila á raddmerkið er valinn kosturinn *Spila*.
- Ef eyða á raddmerki er valinn kosturinn *Eyða* og stutt á **Í lagi**.
- Ef breyta á raddmerki er valinn kosturinn *Breyta*. Stutt er á **Byrja** til að bæta við nýju raddmerki.

Eigin númer

Ef SIM-kortið styður það geymir síminn sjálfkrafa símanúmer SIM-kortsins.

Stutt er á **Nöfn** og valið *Eigin númer* til að sjá númerið.

Upplýsinganúmer

Hægt er að hringja í upplýsinganúmer þjónustuveitunnar ef þau fylgja með á SIM-kortinu.

Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Uppl.númer*. Skrunað er að númeri og stutt á  til að hringja í númerið.

Þjónustunúmer

Hægt er að hringja í þjónustunúmer þjónustuveitunnar ef þau fylgja með á SIM-kortinu.

Stutt er á **Nöfn** og valinn kosturinn *Þjónustunúmer*. Skrunað er að þjónustunúmeri og stutt á  til að hringja í númerið.

■ Viðmælendahópar

Hægt er að raða nöfnum og símanúmerum sem vistuð eru í símaskrána í viðmælendahópa. Hægt er að velja sérstakan hringitón fyrir hvern hóp og birta tiltekna mynd á skjánum þegar einhver úr hópnum hringir, sjá hér á eftir. Hægt er að stilla símann þannig að hann hringi aðeins ef hringt er úr númerum tiltekins hóps, sjá [Hringir frá](#) í kafla Tónastillingar á bls. 66.

Stutt er á **Nöfn**, valinn kosturinn **Viðmæl.hópar** og valinn hópur. Valið er

- **Heiti hóps**, nýtt heiti fyrir hópinn er fært inn og stutt á **Í lagi**.
- **Hringitónn hóps** – skrunað að hringitóni sem velja á fyrir hópinn og stutt á **Í lagi**. *Sjálfgefið* er tónninn sem valinn var fyrir sniðið sem er í notkun.
- **Hóptákn** – valinn er kosturinn **Kveikt** svo að tákn hópsins birtist á skjánum, **Slökkt** eigi það ekki að birtast, **Skoða** til að skoða táknið eða **Senda tákn** til að senda táknið sem textaboð, ef kerfið heimilar slíkt
- **Hópfélagar**. Nafni er bætt við hóp með því að styðja á **Í lagi** við **Bæta við nafni**. Ef nöfnum og númerum hefur þegar verið bætt við hópinn er stutt á **Valkostir**, skrunað að **Bæta við nafni** og stutt á **Í lagi**. Skrunað er að nafninu sem bæta á í hópinn og stutt á **Bæta við**.

Ef fjarlægja á nafn úr hópi er skrunað að nafninu sem á að fjarlægja og stutt á **Valkostir**. Stutt er á **Í lagi** við **Strika nafn út**.

6. Notkun valmyndarinnar

Í símanum er fjöldi aðgerða sem flokkaðar eru í valmyndir. Með flestum valmyndaraðgerðunum er stuttur hjálpartexti. Ef skoða á hjálpartextann er skrunað að valmyndaraðgerðinni og beðið í 15 sekúndur. Hætt er í hjálpartextanum með því að styðja á **Til baka**. Sjá Kveikir á hjálpartextum á bls. 65.

■ Farið í valmyndaraðgerð

Með skrúni

1. Aðgangur að valmynd fæst með því að styðja á **Valmynd**.
2. Skrunað er í valmyndinni og t.d. valið *Stillingar* með því að styðja á **Velja**.
3. Undirvalmynd er valin ef hún fyrir hendi, t.d. *Símtalsstillingar*.
4. Ef viðkomandi undirvalmynd hefur fleiri undirvalmyndir er 3. liður endurtekinn, t.d. *Lyklaborðssvar*.
5. Viðeigandi stilling er valin.
6. Stutt er á **Til baka** til að fara aftur í síðustu valmynd og á **Hætta** til að fara úr valmyndinni.

Með flýtvísun

Valmyndirnar, undirvalmyndirnar og stillingarvalkostirnir eru tölusett og hægt er að birta þau í skyndi með flýtvísunum. Númer flýtvísunarinnar birtist efst í hægri horni skjásins.

Aðgangur að valmynd fæst með því að styðja á **Valmynd**. Vísunarnúmer valmyndaraðgerðarinnar sem á að birta þarf að færa inn hratt, það má ekki taka lengri tíma en tvær sekúndur.

Ef t.d. á að gera *Lyklaborðssvar Virkt* er stutt á **Valmynd**, **4ghi**, **3def**, **2abc** og **1aa**.

■ Listi yfir valmyndaraðgerðir

1. Skilaboð

1. Skrifa skilaboð
2. Skrifa tölvupóst
3. Innhólf
4. Úthólf
5. Safn
6. Skjalasnið
7. Mínar möppur
8. Eyða skilaboðum
9. Talboð
10. Skilaboð með upplýsingum
11. Þjónustuskipun
12. Skilaboðastillingar



2. Símtalaskrá

1. Hringingum ekki svarað
2. Hringingum svarað
3. Hringt var í
4. Eyða nýlegum símtölum
5. Lengd símtals
6. Kostnaður við símtöl



7. GPRS- gagnamælir

8. Tímamælir á GPRS-tengingu

3. Sérsnið

1. Almennt
2. Hljótt
3. Fundur
4. Utandyra
5. Símbóði



4. Stillingar

1. Vekjaraklukka
2. Dags- og tímastillingar
3. Símtalsstillingar
4. Símastillingar
5. Tónastillingar
6. Stillingar f. aukabúnað¹
7. Mótaldsstillingar fyrir GPRS
8. Öryggisstillingar
9. Velja upphafsstillingar



5. Leikir



1. Aðeins sýnt ef tiltekinn búnaður hefur verið tengdur símanum.

6. Aðgerðir



7. Reiknivél



8. Dagskrá



9. Dagbók



10. Innrautt



11. Bluetooth



12. Aukakostir



1. Uptaka
2. Raddskipanir
3. Veski
4. Niðurteljari
5. Skeiðklukka

13. Þjónusta

1. Heima
2. Bókamerki
3. Þjónustuhólf
4. Stillingar
5. Fara á veffang
6. Tæma skyndim.



14. SIM-þjónusta¹



1. Aðeins sýnt með stuðningi SIM-korts. Nafnið og efnið fer eftir SIM-kortinu.

7. Valmyndaraðgerðir

■ Skilaboð (valmynd 1)



Hægt er að lesa, skrifa eða senda texta- og myndskilaboð eða vista skilaboð. Öllum boðum sem geymd eru í boðaminni símans er raðað í möppur.

Áður en hægt er að senda texta- eða myndskilaboð þarf að vista miðstöðvarnúmer, sjá SMS-stillingar á síðu 56.

Skilaboð rituð og send

Síminn getur sent og tekið við samsettum skilaboðum sem sett eru saman úr mörgum venjulegum textaboðum (sérþjónusta) sem hver geta verið allt að 160 stafir. Gjaldið fer eftir því hversu mörg venjuleg skilaboð þarf í samsettu skilaboðin.

Fjöldi tiltækra stafa og númer þessa hluta samsettu boðanna sést efst til hægri á skjánum.

1. Stutt er á **Valmynd**, og valið **Skilaboð** og **Skrifa skilaboð**
2. Boð færð inn. Sjá Texti ritaður: á bls. 32.

Sjá einnig Textaskjalasnið sett inn í textaboð eða tölvupóst á bls. 52 og Myndtextasnið sett inn í textaboð á bls. 52.

3. Skilaboð eru send með því að styðja á **Valkostir** og velja **Senda**.
4. Símanúmer viðtakandans er fært inn og stutt á **Í lagi** til að senda boðin eða leitað að símanúmerinu í símaskránni. Stutt er á **Í lagi** til að senda boðin.



Til athugunar: Þegar skilaboð eru send um SMS-kerfið gætu orðin "*Skilaboð send*" birst á skjánum. Þetta er merki um að skilaboðin hafi verið send úr símanum í þjónustuversnúmerið sem stillt er í símanum. Þetta er ekki sönnun þess að skilaboðin hafi komist á áfangastað. Þjónustuveitur veita nánari upplýsingar um SMS-þjónustu.

Tölvupóstur ritaður og sendur

Hægt er að rita og senda tölvupóstboð sem eru allt að 160 stafir að lengd. Um vistun tölvupóstfanga í símaskránni er fjallað í Hvernig vista má mörg símanúmer og athugasemdir við sama nafn á bls. 37.

1. Stutt er á **Valmynd** og valið *Skilaboð* og *Skrifa tölvupóst*
2. Tölvupóstfang er fært inn eða leitað að því í símaskránni. Stutt er á **Í lagi** til að staðfesta.
3. Fært er inn efni eða því er sleppt og stutt á **Í lagi** til að staðfesta.
4. Textinn er ritaður. Sjá Texti ritaður: á bls. 32.
Sjá einnig Textaskjalasnið sett inn í textaboð eða tölvupóst á bls. 52.
Ekki er hægt að setja inn myndtextasnið.
5. Skilaboðin eru send með því að styðja á **Valkostir** og velja *Senda tölvup.*
6. Ef beðið er um er þjónustunúmer tölvupóstþjónsins fært inn og stutt á **Í lagi** til að senda tölvupóstinn.

Alltaf verður beðið um þjónustunúmer tölvupóstþjónsins ef það hefur ekki verið tilgreint í skilaboðastillingunum. Sjá SMS-stillingar á bls. 56.

Þjónustunúmer tölvupóstþjónsins fer eftir símafyrirtækinu eða þjónustuveitunni.



Til athugunar: Þegar tölvupóstur er sendur um SMS-þjónustuveitu getur textinn "*Skilaboð send*" birst á símanum. Þetta er ábending um það að síminn hafi sent tölvupóstinn til tölvupóstþjónsins. Það merkir ekki að tölvupósturinn hafi borist alla leið til viðtakanda. Nánari upplýsingar um tölvupóstþjónustu er að fá hjá þjónustuveitunni.

Valkostir fyrir boðsendingar

Eftir að búið er að rita boð er stutt á **Valkostir** og valið *Sendivalkostir*.

- Ef senda á boðin til fleiri en eins viðtakanda er valið *Senda á marga*. Þegar boðin hafa verið send til allra sem eiga að fá þau er stutt á **Búið**.

- Ef senda á boðin sem snið á SMS er valið *Sendi snið* og síðan sendisniðið sem á að nota.

Ef t.d. er valið snið sem skilgreint hefur verið sem tölvupóstur er netfang viðtakanda ritað eða því flett upp í símaskránni og stutt á **Í lagi**. Númer tölvupóstþjónustunnar er fært inn og valið *Staðfesta* til að senda boðin.

Sjá SMS-stillingar á bls. 56 ef skilgreina á snið á SMS.

- Ef framsenda á boð til margra viðtakanda eða með SMS-sniði er valið *Frams.kostir* og síðan *Senda á marga* eða *Sendi snið*, ef við á.

Texta- og myndasnið

Stutt er á **Valmynd**, valið **Skilaboð** og **Skjalasnið**. Listi birtist yfir textasnið, gefinn til kynna með  og myndasnið, gefin til kynna með .

Í símanum eru 10 skjalasnið fyrir myndboð. Einnig er hægt að vista nýjar myndir í möppuna **Skjalasnið**. Fleiri myndir er að finna á vefsetri Nokia, <http://www.club.nokia.com>.



Til athugunar: Þessa aðgerð er eingöngu hægt að nota ef símafyrirtæki eða þjónustuveita styðja hana. Aðeins símar með möguleika á myndboðum geta tekið á móti og birt myndboð.

- Hver myndboð eru gerð úr nokkrum textaboðum. Þess vegna kann að vera dýrara að senda ein myndboð en ein textaboð.
- Þar sem myndboð eru vistuð í minni símans er ekki hægt að skoða þau ef SIM-kortið er notað í öðrum síma.

Textaskjalasnið sett inn í textaboð eða tölvupóst

Þegar verið er að rita eða svara boðum er stutt á **Valkostir**. Valið er **Nota skjalasnið** og sniðið sem á að nota valið.

Myndtextasnið sett inn í textaboð

Ef verið er að skrifa eða svara boðum er stutt á **Valkostir**. Valið er **Hengja teikn. v.** og mynd valin til skoðunar. Stutt er á **Nota** til að setja myndina í boðin.

Vísirinn  í boðhausnum gefur til kynna að mynd sé í viðhengi. Fjöldi stafa sem hægt er að rita í boð fer eftir stærð myndarinnar.

Ef skoða á textann og myndina saman áður en boðin eru send er stutt á **Valkostir** og valið **Skoða áður**.

Skilaboð eða tölvupóstur lesinn og svar sent

Þegar texta- eða myndboð eða tölvupóstur hefur borist birtist vísirinn  og fjöldi nýrra boða á undan [1 skilaboð móttækin](#) á skjánum.

Blikkandi  gefur til kynna að boðaminnið sé á þrotum. Eyða þarf einhverjum af eldri boðunum áður en hægt er að senda eða taka á móti nýjum boðum.

1. Stutt er á [Sýna](#) til að skoða boð eða á [Hætta](#) ef skoða á boðin síðar.

Boðin skoðuð síðar: Stutt er á [Valmynd](#), valið [Skilaboð](#) og [Innhólf](#).

2. Ef fleiri en ein boð hafa verið móttækin eru boðin sem á að lesa valin. Ólesin textaboð eru merkt með  fyrir framan þau og óskoðuð mynd með .

3. Meðan boð eru lesin eða þau skoðuð er stutt á [Valkostir](#).

Hægt er að velja milli þess að eyða, framsenda, breyta, færa og endurnefna boðin sem verið er að lesa. Valið er [Afrita í dagbók](#) til að afrita boðin í dagbók símans sem minnismiða.

Valið er [Sjá nánar](#) til að skoða t.d. heiti sendandans og símanúmer, miðstöðvarnúmer og móttökutíma.

Valið er [Taka númer](#) til að taka númer úr boðunum.

Valið er [Vista mynd](#) til að vista myndina í möppunni [Skjalasnið](#).

Valið er [Svara](#) til að svara boðum. Valið er [Svara bréfi](#) til að láta upprunalegu boðin fylgja svarinu eða stöðluð svör, t.d. [Takk](#), [Til hamingju](#), [Skjalasnið](#) sem fylgja á svarinu eða [Tómur skjár](#).

4. Ef um tölvupóst er að ræða er tölvupóstfang og efni staðfest eða því breytt.
5. Svarboðin eru rituð.
6. Stutt er á [Valkostir](#), valið [Senda](#) og stutt á [Í lagi](#) til að senda boðin á númerið sem birtist.

Samsett skilaboð

Síminn getur tekið við einum löngum skilaboðum (allt að 459 stöfum) í lotum. Hægt er að byrja að lesa fyrsta hlutann áður en síminn hefur tekið við skilaboðunum í heild.

Á meðan boðin eru skoðuð getur textinn **vantar txt.** birst á skjánum. Þetta er eðlilegt og skilaboðin verða uppfærð um leið og það sem vantar hefur borist.

Ef minnið er fullt getur þurft að eyða skilaboðum úr innhólfinu eða úthólfinu áður en síminn getur uppfært textann.

Möppurnar innhólf og úthólf

Þegar búið er að lesa móttækin texta- eða myndaboð vistast boðin sjálfkrafa í möppunni *Innhólf* í valmyndinni *Skilaboð*.

Hægt er að vista skilaboð sem ætlunin er að senda síðar í möppunni *Úthólf* eða *Safn*.

Boðunum eytt

Stutt er á *Valmynd*, valið *Skilaboð* og *Eyða skilaboðum*.

Ef eyða á öllum boðunum í möppu er skrunað að möppunni og stutt á *Í lagi*. Síðan er stutt á *Í lagi* þegar *Eyða öllum lesnum skilab. úr möppu?* birtist.

Ef eyða á öllum lesnum boðum úr öllum möppum er skrunað að *Öllum lesnum* og stutt á *Í lagi*. Síðan er stutt á *Í lagi* þegar *Eyða lesnum skilaboðum úr öllum möppum?* birtist.

Safnmappa og mínar möppur

Til að halda utan um boðin er hægt að flytja sum af boðunum í [Safn](#) eða bæta við nýjum möppum fyrir skilaboðin.

Meðan boð eru lesin er stutt á [Valkostir](#). Valið er [Færa](#), skrunað að möppunni sem færa á boðin í og stutt á [Í lagi](#).

Ef bæta á við eða eyða möppu er stutt á [Valmynd](#), valið [Skilaboð](#) og [Mínar möppur](#).

- Ef bæta á við möppu er stutt á [Valkostir](#) og valið [Ný mappa](#).
- Ef eyða á möppu er skrunað að möppunni sem á að eyða og stutt á [Valkostir](#) og valið [Eyða möppu](#).

Talboð

Talhólf er þjónusta sem e.t.v. þarf að fá áskrift að fyrst. Nánari upplýsingar og númer talhólfsins fást hjá þjónustuveitu.

Stutt er á [Valmynd](#), valið [Skilaboð](#) og [Talboð](#). Valið er

- [Hlusta á talboð](#) til að hringja í símanúmer talhólfsins sem vistað var í valmyndinni [Númer talhólfs](#).

Mögulegt er að hver lína hafi eigið talhólfsnúmer, sjá Lína til að hringja á bls. 64.

- [Númer talhólfs](#) til að færa inn talhólfsnúmerið eða breyta því, og stutt á [Í lagi](#) til að vista það.

Ef netið styður slíkt birtist  sem sýnir ný talboð. Stutt er á [Hlusta á](#) til að hringja í talhólfsnúmerið.

Skilaboð með upplýsingum

Með upplýsingaþjónustu er hægt að taka við boðum um ýmis málefni frá þjónustuveitu, t.d. veður og umferð. Þjónustuveitan veitir upplýsingar um tiltæk efni og tengd efnisnúmer.

Ef *GPRS-tenging* er stillt á *Sítenging* er mögulegt að ekki sé hægt að taka við upplýsingaboðum. Í slíkum tilfellum er *GPRS-tenging* stillt á *Þegar þörf er*, sjá Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu á bls. 90.

Þjónustuskipun

Stutt er á *Valmynd*, valið *Skilaboð* og *Þjónustuskipun*. Þjónustubeiðnirnar eru færðar inn og sendar til þjónustuveitunnar, til dæmis skipanir til að gera sérþjónustu virka.

SMS-stillingar

Stutt er á *Valmynd* og valið *Skilaboð*, *Skilaboðastillingar* og *Sendisnið* til að skilgreina stillingar við sendingu skilaboða.

Ef SIM-kortið styður fleiri en eitt skilaboðasnið er valið það snið sem á að breyta.

Valið er *Númer miðstöðvar* til að vista símanúmer skilaboðamiðstöðvarinnar. Miðstöðvarnúmerið þarf til að geta sent texta- og myndskilaboð. Þjónustuveitan gefur þetta númer. Valið er *Skilaboð send sem* til að velja snið skilaboðanna eða *Gildistími skilaboða*. Valið er *Númer sjálfv. viðtakanda* (*Tölvupóstmiðlari* ef um tölvupóst er að ræða) til að vista sjálfgefið númer fyrir skilaboð í þessu skilaboðasniði, *Tilkynningar um skil* til að láta þjónustuveituna senda tilkynningar um skil á boðum (sérþjónusta) og *Nota GPRS* til að stilla GPRS sem flutningsleið SMS-skilaboða. Valið er *Svar í gegnum sömu miðstöð* til að heimila viðtakanda boðanna að svara þeim um sömu miðstöð (sérþjónustu) og

Endurskíra sendingarsnið til að breyta nafni SMS-sniðsins sem var valið. SMS-sniðið birtist aðeins ef SIM-kortið styður fleiri en eitt snið.

Stutt er á **Valmynd**, valið *Skilaboð*, *Skilaboðastillingar* og *Leturstærð* til að breyta leturstærð skilaboðanna.

■ Símtalaskrá (valmynd 2)

Móttekin símtöl, símtöl sem ekki er svarað og númer sem hringt er í eru skráð í símanum ásamt áætlaðri lengd hringinga og kostnaði við þau.

Móttekin símtöl og símtöl sem ekki er svarað eru aðeins skráð ef símafyrtækið styður þessar aðgerðir, kveikt er á símanum og hann innan þjónustuvæðis.

Þegar stutt er á **Valkostir** í *Hringingum ekki svarað*, *Hringingum svarað* og *Hringt var í* má sjá hvenær hringt var, breyta eða eyða símanúmeri af listanum, vista númerið í símaskránni eða senda boð á viðkomandi númer.



Hringingum svarað eða ekki svarað

Ef skoða á lista yfir síðustu tíu númer frá einhverjum sem hefur verið að reyna að hringja (sérþjónusta) er stutt á **Valmynd**, valið *Símtalaskrá* og *Hringingum ekki svarað*.



Ábending: Þegar boð birtast um hringingu sem ekki var svarað er stutt á **Skrá** til að birta lista yfir símanúmer. Skrúnað er að númerinu sem á að hringja í og stutt á .

Ef skoða á lista yfir síðustu tíu hringingar sem var síðast svarað (sérþjónusta) er stutt á **Valmynd**, valið *Símtalaskrá* og *Hringingum svarað*.

Hringt var í

Ef skoða á lista yfir síðustu 20 númerin sem var hringt í eða reynt að hringja í er stutt á [Valmynd](#), valið [Símtalaskrá](#) og [Hringt var í](#). Sjá einnig Síðasta númer endurvalið á bls. 28.

Eyða nýlegum símtölum

Ef eyða á lista yfir nýleg símtöl er stutt á [Valmynd](#), valið [Símtalaskrá](#) og valið [Eyða nýlegum símtölum](#). Valið er hvort eyða eigi öllum símanúmerunum á listanum eða aðeins þeim númerum sem eru á lista yfir hringingar sem ekki var svarað, móttækin símtöl eða númer sem hringt var í. Ekki er hægt að afturkalla aðgerðina.

Teljarar



Til athugunar: Reikningar þjónustuveitunnar fyrir hringingar og þjónustu kunna að vera breytilegir eftir eiginleikum símkerfisins, sléttun fjárhæða við gerð reikninga, sköttum og öðru slíku.

Stutt er á [Valmynd](#) og valið [Símtalaskrá](#). Valið er

- [Lengd símtals](#) og skrunað til að skoða áætlaða lengd samtala, sem mæld er í klukkustundum, mínútum og sekúndum. Ef núllstillta á teljara þarf öryggisnúmer. Hverri línu fylgja sérstakir teljarar og teljarar þeirra línu sem er valin birtast á skjánum. Sjá Lína til að hringja á bls. 64.

- [Kostnaður við símtöl](#) (sérþjónusta) og valið [Skref síð. símtals](#) eða [Skref allra samtala](#) til að athuga kostnað við síðasta samtöl eða öll símtöl.

Valið er [Stillingar fyrir hringingarkostnað](#) og síðan [Núllstillta teljara](#), eða [Sýna kostnað í](#) þannig að síminn sýni eftirstandandi taltíma í skrefum, [Íeiningum](#) eða gjaldmiðli, [Ígjaldmiðli](#). Þjónustuveitan veitir upplýsingar um skrefagjald. Valið er [Kostn. hámark](#) til að takmarka kostnað við símtöl við ákveðin skref eða gjaldmiðil. PIN2 númerið þarf til að stilla hringingarkostnað.



Til athugunar: Þegar inneign á hleðslukorti eða öðru sambærilegu er búin gæti aðeins verið hægt að hringja í neyðarnúmerið sem síminn er stilltur á (t.d. 112 eða annað opinbert neyðarnúmer).

- **GPRS-gagnamælir** og skrunað til að athuga kostnað við send og móttækin gögn, heildarupphæð vegna gagnaflutninga og til að núllstillja teljara. Mælieining teljaranna er bæti.
- **Timamælir á GPRS-tengingu** og skrunað til að athuga lengd síðustu GPRS tengingar eða allra GPRS tenginga. Einnig er hægt að núllstillja teljara.

■ Sérsnið (valmynd 3)



Í símanum eru ýmsar stillingar, snið, sem hægt er að nota til að sérsníða tóna símans fyrir ólíkar aðstæður og umhverfi. Byrjað er á að laga sniðið að eigin óskum og síðan þarf að gera það virkt til að geta notað það.

Tiltæk snið eru **Almennt**, **Hljótt**, **Fundur**, **Utandyra** og **Simboði**.

Stutt er á **Valmynd** og valið **Sérsnið**. Skrunað er að sniðinu og stutt á **Velja**.

- Ef gera á sniðið virkt er valið **Gera virkt**.



Ábending: Fljótari leið til að breyta um snið er að styðja á rofann , skruna að sniðinu sem gera á virkt og styðja á **Velja**.

- Ef gera á sniðið virkt í ákveðinn tíma, eða í allt að 24 klukkustundir, er valið **Tímastillt** og tíminn stilltur. Þegar tíminn sem var stilltur er liðinn verður fyrra sniðið, sem ekki var tímastillt, virkt.
- Ef sérsníða á sniðið er valið **Eigið val**. Stilling er valin og henni breytt.

Einnig er hægt að breyta stillingunni í valmyndinni **Tónastillingar**, sjá Tónastillingar á bls. 66. Einnig er hægt að endurnefna snið, **Heiti sniðs**. Ekki er hægt að endurnefna sniðið **Almennt**.

■ Stillingar (valmynd 4)



Vekjaraklukka

Í vekjaraklukkunni er notað sama tímasniðið og í klukkunni sjálfri. Vekjaraklukkan virkar einnig þegar slökkt er á símanum.

Stutt er á **Valmynd**, valið **Stillingar** og **Vekjaraklukka**. Tíminn er valinn og stutt á **Í lagi**. Ef breyta á vekjaratímanum er valið **Virk**.

Vekjaraklukkan hringir

Síminn sendir frá sér hljóðmerki og **Vekjari!** birtist á skjánum ásamt tímanum sem var valinn.

Stutt er á **Hætta** til að slökkva á vekjaraklukkunni. Ef síminn er látinn hringja í mínútu eða ef stutt er á **Blund** slokknar á vekjaraklukkunni í nokkrar mínútur þar til hringir aftur.

Ef vekjaraklukkan hefur verið stillt og hringingartíminn rennur upp á meðan slökkt er á símanum kveikir síminn á sér og hringir. Ef stutt er á **Hætta** er spurt hvort opna eigi símann fyrir símtölum. Stutt er á **Nei** til að slökkva á símanum eða **Já** til að hringja og svara símtölum.

Til athugunar: Ekki má stýða á **Já** þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Tímastillingar

Stillingar klukku

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Dags- og tímastillingar* og *Klukka*.

Valið er *Sýna klukku* (*Fela klukku*) og tíminn birtist efst í hægra horni skjásins þegar síminn er í biðham. Valið er *Stilla tíma*, rétti tíminn færður inn og stutt á **Í lagi**. Valið er *Tímasnið* og 12 eða 24 stunda snið valið.

Klukkan er einnig notuð í aðgerðunum *Skilaboð*, *Símtalaskrá*, *Vekjaraklukkan*, til að tímastilla *Sérsnið* og *Dagbók*.

Ef rafhlaðan er fjarlægð úr símanum í lengri tíma þarf ef til vill að stilla klukkuna aftur.

Stillingar dagsetningar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Dags- og tímastillingar* og *Dagsetning*. Valið er *Stilla dagsetn.* til að stilla á gildandi dagsetningu. Valið er *Snið á dags.* til að ákveða hvernig dagsetningin skuli birt.

Sjálfvirk uppfærsla á dagsetningu og tíma

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Dags- og tímastillingar* og *Tími og dagur uppfærast sjálf* (sérþjónusta). Ef síminn á sjálfkrafa að uppfæra tímann og daginn í samræmi við tímabelti er valið *Virk*. Ef notandi vill staðfesta uppfærsluna áður er valið *Staðfesta fyrst*.

Uppfærsla á tíma og degi hefur áhrif á vekjaraklukkuna, dagbókina og talupptökuna og vekjaraklukkan verður stillt samkvæmt staðartíma. Uppfærsla getur valdið því að færslur í dagatalinu renna út.

Símtalsstillingar

Flutningar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símtalsstillingar* og *Símtalsflutningur* (sérþjónusta). Hægt er að flytja símtöl í annað númer, t.d. í talhólfíð. Nánari upplýsingar fást hjá þjónustuveitu. Flutningskostir sem ekki eru studdir af SIM-kortinu og símafyrirtækinu birtast e.t.v. ekki.

Valinn er flutningskostur, t.d. *Flytja þegar síminn er á tali* ef flytja á símtöl þegar síminn er á tali eða þegar notandi ákveður að svara ekki hringingu.

Ef gera á flutning virkan er valið *Gera virkt*, til að gera flutning óvirkan er valið *Fella úr gildi* eða *Ath. stillingar* til að athuga hvort flutningur er virkur eða ekki.

Ef breyta á biðtíma flutningskostanna *Flytja þegar enginn svarar* og *Flytja ef samband næst ekki* er fyrst valið *Stilla biðtíma* og síðan er valið *Gera virkt* til að gera flutningsstillingarnar virkar.

Ef hætta á við alla símtalsflutninga í einu er valið *Fella alla símtalsflutninga úr gildi*.

Ef skoða á flutningsvísana í biðham, sjá Biðhamur á bls. 21.

Lyklaborðssvar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símtalsstillingar* og síðan *Lyklaborðssvar*. Ef valið er *Virkt* er hægt að svara hringingu með því að styðja á hvaða takka sem er, að  og  undanskildum.

Sjálfvirk endurval

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símalsstillingar* og *Sjálfvirk endurval*. Ef valið er *Virkt* og ekki næst samband við það númer sem hringt er í, gerir síminn sjálfvirk allt að 10 tilraunir til að koma á sambandi.

Hraðval

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símalsstillingar* og síðan *Hraðval*. Valið er *Virkt* og hægt er að hringja í nöfn og símanúmer sem hefur verið úthlutað á hraðvalstakkana **2 abc** til **9 wxyz** með því að styðja á og halda niðri samsvarandi tölutakka.

Biðþjónusta fyrir símtöl

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símalsstillingar* og síðan *Biðþjónusta fyrir símtöl*. Valið er *Gera virkt* og gert er viðvart ef annar reynir að hringja meðan á símtali stendur. Sjá Símtal í bið á bls. 30.

Uppl. eftir símtali

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símalsstillingar* og síðan *Samantekt eftir símtal*. Valið er *Virk* og lengd síðasta símtals og kostnaður við það birtist sem snöggvast (sérþjónusta) eftir að símtali lýkur.

Númerabirting

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símalsstillingar* og síðan *Birta mitt númer*. Valið er *Virk* og viðtakandi símtalsins sér númer notandans (sérþjónusta). Valið er *Skv. áskrift* til að stilla símann á *Virk* eða *Óvirk* eftir samkomulagi við þjónustuveitu.

Lína til að hringja

Lína til að hringja er sérþjónusta til að velja línu 1 eða 2 (þ.e. skráða númerið) fyrir símtöl. Þessi valmynd er aðeins sýnd ef SIM-kortið styður það.

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símtalsstillingar* og síðan *Lína til að hringja*. Ef *Lína 2* er valin og ekki er fyrir hendi áskrift að þessari sérþjónustu er ekki hægt að hringja. Hins vegar er hægt að svara símtölum á báðum línunum, án tillits til línunnar sem er valin.

Ef slík aðgerð er studd af SIM-kortinu má koma í veg fyrir línuvalið með því að velja *Læsa línunni*.

Símafyrirtæki eða þjónustuveita veitir upplýsingar um þær aðgerðir sem bjóðast.



Ábending: Í biðham má fara úr einni línu í aðra með því að styðja á og halda niðri **# 0**.

Símastillingar

Tungumál

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Tungumál*. Tungumál er valið fyrir textann sem birtist. Ef *Sjálfgefið val* er valið velur síminn tungumálið samkvæmt upplýsingunum á SIM-kortinu.

Uppl. um endurvarpa

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Uppl. um endurvarpa*. Valið er *Virkt* til að síminn gefi til kynna ef hann er notaður á farsímakerfi sem byggist á MCN-tækni (Micro Cellular Network).

Ef *GPRS-tenging* er stillt á *Sítenging* er mögulegt að ekki sé hægt að taka við upplýsingaboðum. Í slíkum tilfellum er *GPRS-tenging* stillt á *Þegar þörf er*, sjá Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu á bls. 90.

Opnunarkveðja

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Opnunarkveðja*. Færð er inn kveðja sem síminn sýnir í stutta stund þegar kveikt er á honum. Ef vista á kveðjuna er stutt á **Valkostir** og valið *Vista*.

Val á neti

Farsímanetið sem síminn tengist má velja annaðhvort handvirkt eða sjálfvirkt.

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Val á neti*. Valið er *Sjálfvirkt val* og síminn velur sjálfkrafa eitt af þeim farsímanetum sem tiltæk eru á viðkomandi svæði.

Ef valið er *Handvirkt* birtir síminn lista yfir tiltæk net og valið er net sem hefur reikisamning við símafyrirtæki notanda. Sé reikisamningur ekki í gildi birtist *Enginn aðgangur* og velja verður annað net. Síminn verður í handvirkum ham þar til sjálfvirkur hamur er valinn eða annað SIM-kort sett í símann.

Staðfesta SIM-aðgerð

Sjá SIM-þjónusta (valmynd 14) á bls. 103.

Kveikir á hjálpartextum

Til að velja hvort sími sýni hjálpartexta eða ekki er stutt á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Kveikir á hjálpartextum*.

Sjá einnig Notkun valmyndarinnar á bls. 46.

Byrjunartónn

Ef stilla á símann þannig að hann spili byrjunartón eða ekki þegar kveikt er á honum er stutt á **Valmynd**, valið *Stillingar*, *Símastillingar* og *Byrjunartónn*.

Ef opnunarkveðja hefur verið valin verður byrjunartónn ekki spilaður, sjá Opnunarkveðja á bls. 65.

Tónastillingar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar* og síðan *Tónastillingar* Hægt er að finna sömu stillingar í valmyndinni *Sérsmíð*, sjá Sérsmíð (valmynd 3) á bls. 59.

Valið er *Velja hringingu* til að velja hvernig síminn lætur vita um hringingar. Valkostirnir eru *Hringja*, *Hækkar*, *Ein hringing*, *Eitt bíp* og *Slökkt*.

Valið er *Hringitónn*, *Styrkur hringingar* og *Titringur* fyrir hringingar og þegar tekið er á móti boðum. Titringurinn er ekki virkur þegar síminn er tengdur við hleðslutæki, er í borðstandi eða tengdur við bílbúnað.



Ábending: Hægt er að vista allt að tíu hringitóna í einu í hringitónalistanum sem tekið hefur verið við um IR eða sem textaboðum.

Valið er *SMS-hringing* til að stilla tóna fyrir textaboð, *Takktátónar* eða *Aðvörunarhljóð* til að síminn gefi frá sér tóna þegar t.d. rafhlaðan er að tæmast.

Ef valið er *Hringir frá* er síminn stilltur þannig að hann hringir aðeins þegar um er að ræða símanúmer í ákveðnum viðmælendahópi. Skrúnað er að viðmælendahópnum eða *Frá öllum* og stutt á **Merkja**.

Stillingar fyrir tengibúnað

Valmyndin með stillingum fyrir tengibúnað birtist aðeins ef síminn er eða hefur verið tengdur við fylgihluti, t.d. heyrnartólin HDC-9P eða handfrjálsta bílbúnaðinn CARK-91.

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar* og *Stillingar f. aukabúnað* Valið er *Höfuðtöl*, *Handfrjálst* eða *Heyrnartöl*. Þegar handfrjálsta búnaður er tengdur við símann í fyrsta skipti er gildandi snið símans notað.

- Valið er *Sjálfvalið snið* til að velja sniðið sem gera á sjálfkrafa virkt þegar fylgibúnaður er tengdur við símann. Hægt er að velja annað snið þegar fylgibúnaðurinn er tengdur.
- Valið er *Sjálfvirkt svar* til að stilla símann þannig að hringingu sé svarað sjálfkrafa eftir fimm sekúndur. Ef *Velja hringingu* er stillt á *Eitt bíp* eða *Slökkt* verður sjálfvirk svörun ekki notuð.
- Valið er *Ljós* til að setja ljósin varanlega á og síðan *Kveikja*. Valið er *Sjálfvirkt* til að láta ljósin loga í 15 sekúndur eftir að stutt hefur verið á takka. Valkosturinn *Ljós* er aðeins fyrir hendi þegar *Handfrjálst* hefur verið valið.
- Valið er *Nota heyrnartöl* til að stilla á heyrnartöl í stað höfuðtóls, *Já*. *Nota heyrnartöl* er aðeins tiltækt þegar *Heyrnartöl* er valið.

Mótaldsstillingar fyrir GPRS

Hægt er að tengja símann um innrauða tengingu (IR), blátönn eða kapal við samhæfa tölvu og nota símann sem mótald og tengjast GPRS um tölvuna.

Stutt er á **Valmynd**, valið **Stillingar** og **Mótaldsstillingar fyrir GPRS**. Valið er **Virkur aðgangsstaður** og aðgangsstaðurinn sem á að nota gerður virkur. Valið er **Breyta virkum aðgangstað** til að breyta stillingunum fyrir aðgangsstaðinn.

- Skrúnað er á **Heiti á aðgangsstað** og stutt á **Nefna**. Nýtt heiti fyrir virka aðgangsstaðinn er fært inn og stutt á **Í lagi**.
- Skrúnað er á **GPRS-aðgangsstaður** og stutt á **Breyta**. Heiti aðgangsstaðarins (APN) er fært inn og stutt á **Í lagi**.

Heiti aðgangsstaðarins er nauðsynlegt svo hægt sé að tengjast GPRS-neti. Hægt er að nálgast heiti aðgangsstaðarins hjá símafyrirtæki eða þjónustuveitu.

Einnig er hægt að stilla mótaldsstillingarnar fyrir GPRS (aðgangsstað) á tölvu með mótaldshugbúnaði frá Nokia, sjá Mótaldsuppsetning á bls. 105. Ef stillingarnar hafa verið gerðar á tölvunni og í símanum verður notast við þær sem gerðar voru í tölvunni.

Öryggisstillingar



Til athugunar: Þegar öryggiseiginleikar sem takmarka hringingar eru í notkun (hringilokun, lokaður notendahópur og fastir valkostir við númeraval), gæti eftir sem áður verið hægt að hringja í tiltekin neyðarnúmer í sumum símkerfum (t.d. 112 eða annað opinbert neyðarnúmer).

Stutt er á **Valmynd**, valið *Stillingar* og *Öryggisstillingar*. Valið er

- *Krefjast PIN-númers* til að stilla símann þannig að beðið sé um PIN-númer í hvert sinn sem kveikt er á símanum. Á sumum SIM-kortum er ekki hægt að gera kröfu um PIN-númer óvirka.
- *Útilokunarþjónusta* (sérþjónusta) til að útiloka hringingar til og frá símanum. Krafist er lykilorðs vegna útilokunar.
- *Fast númeraval* til að takmarka hringingar við ákveðin símanúmer ef þessi aðgerð er studd af SIM-kortinu. Krafist er PIN2-númers.
- *Lokaður notendahópur*. Lokaður notendahópur er sérþjónusta þar sem hópur fólks sem hægt er að hringja í og geta hringt í viðkomandi er tilgreindur. Símafyrtæki eða þjónustuveita veitir nánari upplýsingar.
- *Öryggisstig*. Ef *Sími* er valið biður síminn um öryggisnúmer í hvert sinn sem nýtt SIM-kort er sett í símann.

Ef *Minni* er valið biður síminn um öryggisnúmer í hvert sinn sem innra minni símans er valið eða þegar afrita á minni í annað minni. Sjá Símaskrárstillingar valdar á bls. 36 og Símaskrár afritaðar á bls. 40.

- Ef *Breyta aðgangsslyklum* er valið má breyta öryggisnúmerinu, PIN- og PIN2-kótanum eða lykilorðinu vegna útilokunar. Númerin geta aðeins verið tölur frá 0 til 9.

Athugið að nota helst ekki aðgangsnúmer sem líkast neyðarnúmeri, t.d. 112, til að komast hjá því að neyðarnúmer sé valið fyrir slysi.

Setja upphafsstillingar

Ef færa á einhverjar af valmyndastillingum í upprunalegt horf er stutt á **Valmynd**, valið *Stillingar* og *Velja upphafsstillingar*. Öryggisnúmerið er slegið inn og stutt á **Í lagi**. Nöfnum og símanúmerum í símaskránni er t.d. ekki eytt.

■ Leikir (valmynd 5)



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Nýr leikur

Stutt er á **Valmynd**, valið *Leikir* og *Velja leik*. Leikurinn sem á að spila er valinn, *Snake II*, *Space Impact*, *Bumper* eða valið er *Fleiri leikir*. Leikgerð er valin sé slíkt mögulegt eða *1 leikmaður* og síðan *Nýr leikur*.

Hægt er að fá leiðbeiningar um notkun takkanna og hvernig leikurinn gengur fyrir sig með því að velja *Leiðbeiningar* úr undirvalmyndinni.

Undir *Fleiri leikir* geta verið fleiri Nokia Java leikir.

Leikur með tveimur leikmönnum

Einnig er hægt að spila *Snake II* með öðrum leikmanni um IR-tengi ef sími andstæðingsins er samhæfur og sami leikur er í honum. Áður en leikur tveggja leikmanna hefst þarf að sjá til þess að IR-tengi símanna vísi hvort á annað. Sjá Innrautt (valmynd 10) á bls. 79.

Báðir leikmenn eiga að velja kostinn *2 leikmenn* til að hefja leikinn. Velja skal annaðhvort *Halda leik* til að hefja nýjan tveggja manna leik eða *Spila í leik* til að spila í leik eftir að annar leikmaður hefur valið að *Halda leik*.

Leikjapjónusta og stillingar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Leikir* og *Leikjapjónusta* eða *Stillingar*. Valið er

- *Leikjapjónusta* og síminn reynir að tengjast WAP-síðum Club Nokia með virku þjónustustillingunum.

Ef tengingin mistekst má vera að ekki sé hægt að tengjast Club Nokia með WAP-þjónustunni sem stillingarnar eiga við. Þegar það gerist er farið í valmyndina *þjónusta* og aðrar vefstillingar gerðar virkar, sjá Tengst WAP-þjónustu á bls. 93. Reynt er aftur að tengjast Club Nokia.

Hægt er að skoða ólíka WAP-þjónustu, verðlagningu og gjaldskrá hjá símafyrirtæki og/eða WAP-þjónustuveitu.

- *Stillingar* til að stilla hljóð, ljós og titring, *Titringur*, fyrir leikinn. Aðeins er hægt að stilla titringinn ef *Titringur* er virkur, sjá Tónastillingar á bls. 66. Hægt er að geyma félagnúmer Club Nokia, *Club Nokia kennitala*. Nánari upplýsingar um Club Nokia og leikjapjónustuna er að finna á www.club.nokia.com. Framboð kann að vera breytilegt eftir löndum.

■ Aðgerðir (valmynd 6)



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Með þessari valmynd er hægt að stýra Java aðgerðum sem settar hafa verið upp í símanum. Í hugbúnaði símans eru nokkrar Java-aðgerðir sem eru sérstaklega hannaðar fyrir þennan Nokia-síma. Ýmsar þjónustuveitur bjóða aðrar aðgerðir um WAP-þjónustu. Áður en hægt er að nota þessar aðgerðir verður að sækja þær og koma þeim fyrir í símanum.

Aðgerð opnuð

1. Stutt er á **Valmynd**, valið **Aðgerðir** og **Velja aðg.**
2. Skrúnað er að aðgerð (heitið fer eftir aðgerðinni).
3. Stutt er á **Valkostir** og valið **Opna** eða stutt á .

Ef valin hefur verið ein aðgerð opnast hún.

Annars er birtur listi yfir aðgerðir sem svarar til þakans sem var valinn. Skrúnað er að viðkomandi aðgerð og stutt á **Velja** eða . Aðgerðin opnast.



Ábending: Ef aðgerð tekur upp allan skjáinn sjást engin aðgerðaheiti neðst á skjánum. Stutt er á valtakann  eða  til að sjá valkostina. Síðan er valinn einhver kostur eða stutt er á **Til baka** til að halda áfram við aðgerðina.

Aðrir valkostir sem tiltækir eru fyrir hverja aðgerð eða aðgerðapakka.

- **Eyða** – til að eyða aðgerð eða aðgerðapakka úr símanum.
- **Vefaðgangur** – til að takmarka netaðgang aðgerðarinnar. Leyfilegar stillingar eru **Spyrja fyrst** (beðið er um netaðgang fyrst), **Heimilaður** (netaðgangur er heimilaður), **Ekki heimilaður** (netaðgangur er ekki leyfður).
- **Ath. útgáfu** – til að athuga hvort ný útgáfa af aðgerðinni er tiltæk hjá WAP-þjónustunni.
- **Vefsíða** – til að fá nánari upplýsingar eða viðbótargögn um aðgerðina frá Internet-síðu. Símafyrirtækið verður að styðja þessa aðgerð. Þetta sést aðeins ef netfang hefur fylgt aðgerðinni.
- **Frekari uppl.** – til að sjá nánari upplýsingar um aðgerðina.

Aðgerð sótt

Hægt er að sækja nýjar Java-aðgerðir á mismunandi hátt.

- Stutt er á **Valmynd**, valið **Aðgerðir** og **Opna vafra** til að finna viðeigandi Java-forrit. Sjá einnig Vafrað á síðum WAP-þjónustu á bls. 94.
- Hægt er að nota aðgerðirnar til að sækja leiki, sjá Leikjaþjónusta og stillingar á bls. 71.
- Internetið er notað til að sækja Java-aðgerðir og setja á PC. Application Installer í PC Suite er notað til að flytja aðgerðirnar úr PC-tölvunni yfir í símann.



Til athugunar: Þegar aðgerðir (Java) eru sóttar af vefsetri sem ekki er á vegum Nokia þarf að viðhafa þær varúðarráðstafanir sem gilda um öll vefsetur.

Eftirfarandi textar geta birst þegar verið er að sækja eða þegar Java-aðgerð er í gangi:

- **Aðgerð mistókst**, of margar aðgerðir eru í símanum. Eyða skal umframaðgerðum og sækja aftur.
- **Villa í aðgerð**, villa kom upp í aðgerðinni sem er í gangi.
- **Styður ekki aðgerð**, aðgerðin gengur ekki í símanum.
- **Símtal í gangi**, aðgerðin reynir að koma á nettengingu en símtal er í gangi.
- **Form skjals þekkist ekki**, annaðhvort er aðgerðin ótæk eða flutningi af PC-tölvu hefur ekki lokið.
- **Skrá of stór**, skráin er of stór eða gáttin styður ekki stórar skrár.
- **Ógilt skjal**, aðgerðin er ótæk.
- **Ræsing mistókst**, síminn gat ekki ræst aðgerðina. Reyna skal aftur.
- **Ekki hægt að opna aðgerð**, ekki eru fullnægjandi skilyrði til að keyra aðgerðina. Ljúka skal símtölum sem kunna að vera í gangi og reyna aftur að opna aðgerðina.
- **Óþekkt** (birtist í aðgerðalistanum), aðgerðin hefur ekkert nafn.

Kerfisupplýsingar birtar

Hægt er að sjá stærð minnis sem tiltækt er fyrir uppsetningu aðgerða.

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aðgerðir** og **Minni**.

Síminn er með 128 kB minni til að geyma Java-aðgerðir og um 50 kb í viðbót geta verið tiltæk í breytilegu minni símans. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.

■ Reiknivél (valmynd 7)

Með reiknivélinni í símanum er hægt að leggja saman, draga frá, margfalda, deila, reikna veldi og kvaðratrót og breyta gengi.



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Nákvæmni reiknivélarinnar er takmörkuð og villur vegna sléttunar gætu orðið, einkum í deilingu með margra stafa tölum.

1. Stutt er á **Valmynd** og valið **Reiknivél**.
2. Þegar '0' birtist á skjánum er færð inn fyrsta talan í útreikningnum, stutt er á **# +** til að fá kommu.
3. Stutt er á **Valkostir** og valið **Leggja saman**, **Draga frá**, **Margfalda**, **Deila**, **Í öðru veldi**, **Kvaðratrót** eða **Breyta +/-**.



Ábending: Einnig er hægt að styðja á *** +** einu sinni til að leggja saman, tvisvar til að draga frá, þrisvar til að margfalda og fjórum sinnum til að deila.

4. Seinni talan er færð inn.

5. Samtala fæst með því að styðja á **Valkostir** og velja **Jafnt og**. Prep 3 og 5 eru endurtekin eins oft og nauðsyn þykir.
6. Ef hefja á nýjan útreikning er stutt á **Hreinsa** og takkanum haldið niðri.

Gjaldmiðli breytt

1. Stutt er á **Valmynd** og valið **Reiknivél**.
2. Ef vista á gengið er stutt á **Valkostir** og valið **Gengi**. Annar hvor kosturinn sem birtist er valinn. Gengið er fært inn, stutt er á  til að fá kommu og síðan á **Í lagi**. Gengið verður í minninu þar til því er breytt.
3. Gjaldmiðlinum er breytt með því að færa inn upphæðina sem á að breyta, styðja á **Valkostir** og velja **Í innlendum** eða **Í erlendum**.

Einnig er hægt að breyta gjaldmiðli í biðham. Upphæðin sem á að breyta er færð inn, stutt á **Valkostir** og valið **Í innlendum** eða **Í erlendum**.

■ Minnislisti (valmynd 8)

Hægt er að vista athugasemdir um verk sem þarf að framkvæma. Hægt er að vista athugasemdirnar í forgangsröð. Mögulegt er að vista allt að 30 athugasemdir, en það ræðst af lengd þeirra. Þessi aðgerð notar breytilega minnið. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Stutt er á **Valmynd** og valið **Dagskrá**. Stutt er á **Valkostir** eða skrúnað að athugasemdinni sem á að velja og síðan stutt á **Valkostir**. Valið er



- *Bæta við* til að bæta við nýrri athugasemd. Athugasemdin er færð inn, stutt á *Valkostir* og valið *Vista*. Forgangsröð er valin fyrir athugasemdina, *Hár (1)*, *Meðalhér (2)*, eða *Lágur (3)*. Athugasemdirnar eru skráðar fyrst eftir forgangi og síðan í stafrófsröð. *Orðabók*, sjá Sjálfvirk ritun gerð virk eða óvirk á bls. 33.
- *Eyða* til að eyða valinni athugasemd.
- *Breyta* til að breyta efni athugasemdarinnar.
- *Br. forgang.* til að breyta forgangi athugasemdarinnar.
- *Skoða* til að skoða valda athugasemd.
- *Finna forgaths.* til að velja forgang athugasemdanna sem á að skoða.
- *Vista í dagbók* til að vista athugasemdina í dagbókinni.
- *Sem texta* til að senda athugasemdina í annan síma sem textaboð.

■ Dagbók (valmynd 9)



Dagbókin gerir kleift að fylgjast með áminningum, símtölum sem þarf að hringja, fundum og afmælisdögum. Síminn styður allt að 250 athugasemdir í dagbók. Þessi aðgerð notar breytilega minnið. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Stutt er á **Valmynd** og valið **Dagbók**. Skrunað er að deginum sem á að velja. Ef margar færslur eru fyrir viðkomandi dag birtist viðeigandi vísir. Ef skoða á færslur dagsins er stutt á **Valkostir** og valið **Skoða dag**. Vísir birtist í fyrstu línunni. Hægt er að skoða stakar færslur með því að skruna að þeim í dagsyfirliti og styðja síðan á **Valkostir** og **Skoða**. Á vikuyfirlitinu eru fjórar vikur í einu.

Aðrir valkostir fyrir dagbókaryfirlitið eru:

- Valkostir fyrir gerð athugasemdar, til að senda athugasemd um IR-tengi eða blátönn, beint í dagbók annars síma eða sem textaboð.
- Valkostir við eyðingu, ritun, flutning og endurtöku athugasemdar.
- **Stillingar** til að stilla t.d. dagsetninguna, tímann, dagsetningar- eða tímasniðið. Með valkostinum **Eyða sjálfvirkt** er hægt að stilla símann svo að hann eyði athugasemdum sjálfkrafa eftir tiltekinn tíma. Endurtekningum, til dæmis ábendingum um afmæli, verður ekki eytt.

Athugasemd bætt í dagbók

Í Texti ritaður: á bls. 32 er fjallað um hvernig bókstafir og tölustafir eru færðir inn.

Stutt er á **Valmynd** og valið **Dagbók**. Skrúnað er á dagsetninguna sem óskað er eftir, stutt á **Valkostir** og valið **Skrá aths..** Ein af eftirfarandi athugasemdagörðum er valin:

-  **Fundur** - Athugasemdin er færð inn eða leitað að heiti í símaskránni og stutt á **Í lagi**. Síðan er tímasetning fundarins færð inn og stutt á **Í lagi**. Hægt er að velja **Viðvörðun á** og færa síðan inn áminningartíma fyrir athugasemdina.
-  **Hringja í** - Símanúmer er fært inn, stutt á **Í lagi**, nafnið fært inn og stutt á **Í lagi** eða leitað í símaskránni. Síðan er tímasetning samtalsins færð inn og stutt á **Í lagi**. Hægt er að velja **Viðvörðun á** og færa síðan inn áminningartíma fyrir athugasemdina.
-  **Afmæli** - Nafn viðkomandi er fært inn (eða leitað að því í símaskránni) og stutt á **Í lagi**. Síðan er afmælisdagurinn færður inn og stutt á **Í lagi**. Fæðingarárið er fært inn (valfrjálst) og stutt á **Í lagi**. Ef fæðingarár er fært inn birtist aldur manneskjunnar á eftir nafni hennar. Hægt er að velja **Viðvörðun á** og færa síðan inn áminningartíma fyrir athugasemdina.
-  **Minnir á** - Athugasemdin er færð inn og stutt á **Í lagi**.

Þegar hljóðmerki er valið birtist merkið  þegar athugasemdirnar eru skoðaðar.

Hljóðmerki frá símanum vegna athugasemdar

Síminn gefur frá sér hljóðmerki og birtir athugasemdina. Þegar athugasemd af gerðinni  birtist á skjánum má hringja í viðkomandi númer með því að styðja á . Ef stöðva á hljóðmerkið og skoða athugasemdina er stutt á **Skoða**. Ef stöðva á hljóðmerkið án þess að skoða athugasemdina er stutt á **Hætta**.

■ Innrautt (valmynd 10)



Hægt er að stilla símann svo að hann taka á móti gögnum um innrautt tengi (IR). Ef nota á IR-tengingu verður tækið sem á að tengjast að vera samhæft IrDA. Hægt er að senda eða taka á móti gögnum á borð við nafnspjöld og athugasemdum dagbókar úr samhæfum síma eða gagnatæki (t.d. tölvu) um IR-tengi símans.

Ekki má beina innrauðum geisla að augum eða láta hann trufla önnur innrauð tæki. Þetta tæki er leysitæki í flokki 1 (Class 1 Laser Product).



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Gögn send og móttækin um IR-tengi

- Tryggja þarf að IR-tengi tækjanna sem senda og taka á móti vísi hvort á annað og að engar hindranir séu á milli þeirra. Heppilegt er að fjarlægðin milli tækjanna í innrauðri tengingu sé ekki meira en einn metri.
- Ef gera á IR-tengi símans virkt þannig að hægt sé að senda og taka á móti gögnum um IR er stutt á [Valmynd](#) og valið [Innrautt](#).
- Notandi símans sem sent er úr velur viðeigandi IR-aðgerð til að hefja gagnaflutninginn.

Ef gagnaflutningur hefst ekki innan tveggja mínútna eftir að IR-tengið er gert virkt er tengingin rofin og þarf að koma henni á aftur.

Vísar IR-tengis

- Þegar **IR** er viðvarandi á skjánum er IR-tengingin virk og síminn undir það búinn að senda gögn eða taka á móti þeim um IR-tengið.
- Þegar **IR** blikkar er verið að reyna að koma á nýrri tengingu eða tenging er rofin.

■ Blátönn (valmynd 11)



Hægt er að setja símann upp til að senda og taka við gögnum um blátönn. Í blátannarvalmyndinni er hægt að stjórna tengingum og skilgreina stillingar.

Þar sem blátannartæki nota útvarpsbylgjur til samskipta þurfa síminn og blátannartækið ekki að vera í sjónlínu hvort frá öðru. Nægilegt er að tækin séu í innan við 10 metra fjarlægð hvort frá öðru, en tengingin getur þó verið viðkvæm fyrir truflunum frá hindrunum eins og veggjum eða öðrum raftækjum.



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Í sumum löndum kunna að vera hömlur á notkun Blátannartækja. Upplýsingar um það fást hjá söluaðila og yfirvöldum í viðkomandi landi.

Kveikt og slökkt á blátönn

Stutt er á **Valmynd** og valið **Bluetooth**. Þegar **Bluetooth** birtist er valið **Kveikt** eða **Slökkt**. Tilkynning um að kveikt eða slökkt sé á Blátönn birtist. Þegar kveikt er á Blátönn birtist vísirinn .

Notkun blátannar dregur úr endingu rafhlöðunnar og þarf því að hlaða hana oftar. Gæta skal þess að hún sé ekki á meðan aðrar aðgerðir eru framkvæmdar í símanum.

Heiti blátannartækis

Þegar blátönn er gerð virk í fyrsta skipti birtist heiti símans, Nokia 6310i. Notandinn getur samþykkt sjálfgefna nafnið eða breytt því. Nafnið getur verið allt að 15 stafgildi. Þegar búið er að samþykka nafnið birtist **Nafn vistað** á skjánum. Með því að blátannartæki hafi hvert sitt nafn er auðveldara að greina þau hvert frá öðru.

Athuga skal að nafnið birtist ekki ef því hefur þegar verið breytt í **Bluetoothstillingar** áður en blátönn er virkjuð í fyrsta sinn. Sjá Blátannarstillingar á bls. 82.

Pörun með aðgangsslykli Blátannar

Svo að hægt sé að koma á öruggri tengingu getur reynst nauðsynlegt að senda aðgangsslykil Blátannar til tækisins sem tengst er við í fyrsta sinn. Þessi aðgerð kallast pörun. Aðgangsslykill Blátannar er 1 til 16 stafa langur talnakóti. Fylgihlutir ásamt gagna- og faxtengingum við samhæfar tölvur krefjast pörunar. Nokia-fylgihlutir hafa fasta aðgangsslykla sem fylgja með þeim.

Þegar blátannartengingu er komið á við önnur tæki en Nokia-fylgihluti, til dæmis við PDA, getur notandinn sjálfur búið til tímabundinn tengilykil. Þessi tengilykill er aðeins notaður einu sinni og ekki er þörf á að leggja hann á minnið. Gera þarf samhjóða tengilykil fyrir þann sem deila á blátannartengingu með. Ef þörf er á að para tækin aftur er hægt að búa til nýjan lykil.

Blátannartenging

Stutt er á **Valmynd**, valið *Bluetooth* og *Leita að hljóðbúnaði*. Síminn leitar að hljóðbúnaði og fylgihlutum. Tæki sem svara leitinni birtast á lista yfir blátannarbúnað í þeirri röð sem þau birtast. Tækið sem finnst síðast birtist neðst á listanum. Ef enda á leitina er stutt á **Hætta**.

Ef koma þarf á blátannartengingu með búnaði sem ekki er hljóðbúnaður skal nota þann búnað til að koma tengingunni á.

Skrunað er að viðkomandi tæki og stutt á **Velja**. Þegar tengingunni hefur verið komið á birtist *Tengt við* á skjánum ásamt heiti tækisins.

Ef tæki hafa ekki verið pöruð er notandinn beðinn um að færa inn aðgangsslykil viðkomandi tækis. Sjá Pörun með aðgangsslykli Blátannar hér á undan.

Bent skal á að ef tæki sem er á listanum lendir utan sviðs og reynt er að tengjast við það birtast villuboð.

Bent er á að aðeins er hægt að hafa eina virka tengingu í einu.

Ef skoða á tækið sem virkt er, er stutt á **Valmynd**, valið *Bluetooth* og *Skoða virkt tæki*. Þar er einnig hægt að loka tengingunni við tækið.

Ef skoða á lista yfir pöruð tæki er stutt á **Valmynd**, valið *Bluetooth* og *Skoða pöruð tæki*. Elsta pörunin birtist efst á listanum. Þegar stutt er á **Valkostir** í *Skoða pöruð tæki* eru einhverjir af eftirtöldum valkostum í boði eftir stöðu tækisins eða tengingarinnar: *Gefa stuttnefni*, til að gefa paraða tækinu nafn (sem aðeins er sýnilegt notandanum), *Eyða pörun* til að fjarlægja valið tæki af listanum, *Biðja um tengiheimild* til að skilgreina hvort tengingu við paraða tækið sé komið á sjálfkrafa (*Nei*) eða hvort beðið sé um leyfi áður en tengingu er komið á (*Já*).

Blátannarstillingar

Stillingarnar eru til að breyta Blátannarstillingum símans. Stutt er á **Valmynd**, valið *Bluetooth* og *Bluetoothstillingar*. Eftirtaldir kostir eru í boði:

Sýnileiki míns síma, til að breyta sýnileika símans gagnvart öðrum Blátannartækjum. Valkostirnir eru eftirfarandi:

- *Sýnileiki míns síma*, til að breyta sýnileika símans gagnvart öðrum Blátannartækjum. Valkostirnir eru eftirfarandi.
 - *Sýnilegur öllum*, sem er sjálfvalin stilling.
 - *Falinn* til þess að tækið komi aðeins í ljós hjá tækjum sem það er parað við.
 - *Nafn míns síma* til að breyta blátannartækisnafni símans sem birt er öðrum.



■ Aukakostir (valmynd 12)



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

Talupptaka

Hægt er að taka upp samtalshluta, hljóð eða símtal. Þetta er t.d. gagnlegt þegar tekið er upp nafn og símanúmer sem skrifa á niður síðar.



Til athugunar: Fara skal að öllum staðbundnum lögum um upptökur símtala. Þessa eiginleika má ekki nota ólöglega.

Upptaka

1. Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Upptaka**.
2. Til að hefja upptökuna er valið **Taka upp**. Til að hefja upptöku meðan á símtali stendur er stutt á **Valkostir** og valið **Taka upp**.

Þegar tekið er upp er símanum haldið í venjulegri stöðu nærri eyranu.

3. Ef enda á upptöku er stutt á **Hætta**.
4. Nýtt heiti fyrir upptökuna er fært inn og stutt á **Í lagi** til að vista hana.

Ef ekki á að vista hljóðritunina er stutt á **Hreinsa** til að eyða henni. Síðan er stutt á **Til baka** og **Í lagi**.

Ef símtal í gangi er tekið upp vistar síminn upptökuna sjálfkrafa undir heitinu **Upptaka**.

Listi yfir upptökur

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Upptaka**. Valið er **Upptökuskrá**, skrunað að viðeigandi upptöku og stutt á **Valkostir**.

- Valið er **Spila upptöku** til að hlusta á valda upptöku.
- Valið er **Breyta heiti**. Nýtt heiti fyrir upptökuna er fært inn og stutt á **Í lagi**.
- Valið er **Eyða** til að eyða upptökunni. Stutt er á **Í lagi** til að staðfesta.
- Valið er **Með viðvörðun**. Dagsetning fyrir viðvörðunina er valin og stutt á **Í lagi**. Tími fyrir viðvörðunina er valinn og stutt á **Í lagi**.

Viðvörðun kemur í staðinn fyrir **Með viðvörðun** þegar viðvörðunin er gerð virk. Valið er **Viðvörðun** og heiti upptökunnar, dagsetning og tími viðvörðunarinnar birtast. Ef fjarlægja á viðvörðunina er stutt á **Eyða** og síðan á **Í lagi**.

Þegar viðvörðunartímanum lýkur sendir síminn frá sér viðvörðunartón, **Upptaka!** og viðvörðunartíminn og heiti upptökunnar birtast á skjánum. Stutt er á **Hætta** til að stöðva viðvörðunina og síðan á **Spila** til að spila upptökuna.

Raddskipanir

Í símanum er listi yfir aðgerðir sem hægt er að framkvæma með raddmerkjum. Hægt er að bæta við allt að fimm raddmerkjum fyrir raddskipanirnar.

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Raddskipanir**. Skipanamappa er valin, skrunað að skipuninni sem bæta á raddmerki við og stutt á **Valkostir**. Ef skipunin hefur þegar raddmerki birtist  á skjánum. Hægt er að bæta við raddskipunum á sama hátt og lýst er í Raddmerki tengt númeri á bls. 43. Sjá einnig Raddmerki spilað, því breytt eða eytt á bls. 44.

Hægt er að gera raddskipanir virkar á sama hátt og hringt er með raddmerki, sjá bls. 43.

Ekki er hægt að gera raddskipun virka þegar forrit notar GPRS-tengingu til að senda eða taka á móti gögnum. Ef gera á raddskipun virka þarf fyrst að loka aðgerðinni sem er að nota GPRS tenginguna (WAP, innhringing).

Veski

Í **Veski** er hægt að geyma persónulegar upplýsingar, svo sem athugasemdir og sýndarkort (t.d. kredit-eða vildarkortaupplýsingar). Einnig er hægt að fara í WAP-verslun og nota veskið til að greiða vörur sem keyptar eru.

Þegar veskið er opnað í fyrsta skipti þarf notandinn að búa til sinn eigin veskislykil þegar **Búa til veskislykil**: birtist á skjánum. Veskislykillinn, sem getur verið 4 – 10 stafa langur, er færður inn og samþykktur og síðan sannreindur eftir beiðnina **Sannreyna veskislykil**: Ef tekst að sannreyna birtist **Lykill að veski skráður**. Bent skal á að ekkert takmark er á fjölda tilrauna til að sannreyna veskislykilinn. Ef veskislykill misritast oft í röð er veskisaðgerðinni lokað í fimm mínútur.

Ef endurstilla á innihald veskisins og veskislykilinn er fært inn *#3925538# í biðham. Færa þarf inn öryggisnúmer símans áður en innihaldinu og veskislyklinum er eytt. Sjá einnig Aðgangsnúmer á bls. 14. Athuga skal að öllu innihaldi veskisins verður eytt.

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Veski**. Á skjánum birtist **Slá inn veskislykil**: Þegar búið er að slá inn og staðfesta réttan lykil er hægt að velja **Kort**, **Persónul. aths.** eða **Stillingar**.

Kortaupplýsingar geymdar

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir**, **Veski** og **Kort** til að skoða lista yfir kort. Hámarksfjöldi korta er fimm. Ef skoða á eða breyta kortaupplýsingum er eitt af kortunum valið og stutt á **Velja** til að fá einhvern af eftirtöldum valkostum:

- **Uppl. um kort** til að henda reiður á, til dæmis, heiti korts, tegund, númeri og gildisdagsetningu.

- *Notandaupplýs.* til að geyma nafn og aðgangsorð notanda.
- *Uppl. um send.* til að geyma upplýsingar um notanda, til dæmis nafn og heimilisfang.
- *Uppl. u. borgun* til að geyma upplýsingar um kreditkort þar sem reikningur er sendur á annað heimilisfang en heimilisfang notanda, til dæmis um fyrirtækjakort.
- *Uppl. um skil* til að geyma viðtökuupplýsingar, t.d. símanúmer og netfang.
- *Afrita kort* til að afrita kort sem fyrir er í veskinu.
- *Hreinsa spjald* til að hreinsa upplýsingasvið um kort.
- *Endursk. kort* til að breyta nafni á völdu korti.

Persónulegar athugasemdir

Í persónulegum athugasemdum er hægt að geyma allt að 30 viðkvæmar persónulegar athugasemdir, til dæmis aðgangsslykla eða athugasemdir. Þessi aðgerð notar breytilega minnið. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.

Stutt er á *Valmynd*, valið *Aukakostir*, *Veski* og *Persónul. aths.*. Með því að styðja á *Valkostir* er hægt að skoða athugasemdir, bæta við athugasemdum, breyta valinni athugasemd og raða athugasemdum eftir nafni eða dagsetningu. *Send. s. texta* afritar efni athugasemdarinnar í textaboð. *Afrita í dagbók* afritar heitið og athugasemdina sem áminningu í dagbókina. Með *nota númer* er hægt að velja eitt eða fleiri númer úr athugasemd.

Veskisstillingar

Stutt er á *Valmynd*, valið *Aukakostir*, *Veski* og *Stillingar*. Valið er

- *Biður um lykil* til að setja beiðni um lykil að veski á eða taka hana af. Bent er á að það þarf að slá inn gildandi veskislykil áður en hægt er að kveikja eða slökkva á beiðni um lykil.
- *Breyta lykli* til að breyta veskislyklinum.

Innkaup greidd með veskinu

Hægt er að opna WAP-verslun og greiða innkaup með veskinu á eftirfarandi hátt:

1. WAP-tengingu er komið á, sjá síðar.
2. WAP-verslunin sem versla á við er opnuð og varan sem á að kaupa valin.
3. Greiðsluskjalið frá þjónustuveitunni er fyllt út með því að yfirfæra upplýsingarnar úr veskinu, þ.e. stutt er á **Valkostir** og valið **Nota vesk.uppl.** til að finna kortið með upplýsingunum sem við eiga og velja það. Ef fylla á út alla reitina er valið **Fylla í eyður** (þetta er aðeins birt ef WAP-síðan eða kortið styður Electronic Commerce Modeling Language staðalinn). Einnig er hægt að velja aðeins einn reit af korti. Útfyllta kortið birtist í símanum.
4. Kaupin eru samþykkt og upplýsingarnar sendar áfram.
5. Hugsanlega berst innskráningarskjal frá WAP-þjónustunni sem þarf að undirrita til að staðfesta kaupin, sjá Rafræn undirskrift á bls. 100.

Niðurtalning

Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Niðurteljari**. Viðvöruntíminn er færður inn í klukkustundum og mínútum og stutt á **Í lagi** til að ræsa niðurtalningu. Hægt er að rita sérstaka athugasemd sem birtist þegar tíminn rennur út og styðja á **Í lagi**. Meðan á tímamælingunni stendur sést  í biðham.

Ef viðvöruntímanum er náð meðan síminn er í biðham gefur síminn frá sér hljóðmerki og athugasemd birtist á skjánum ef slíkt hefur verið stillt eða **Tíminn útrunninn**. Slökkt er á viðvöruninni með því að styðja á einhvern takka. Ef ekki er stutt á takka hættir viðvörunin sjálfkrafa eftir 30 sekúndur. Stutt er á **Í lagi** til að eyða athugasemdinni.

Ef stöðva á niðurtalningu eða breyta tímanum:

Er stutt á **Valmynd**, valið **Aukakostir** og **Niðurteljari**. Valið er **Breyta tíma** til að stilla teljarann aftur eða **Stöðva teljara** til að stöðva teljarann.

Skeiðklukka

Hægt er að mæla tíma eða millitíma með skeiðklukkunni. Hægt er að nota aðrar aðgerðir símans meðan verið er að mæla tímann.

Notkun skeiðklukkunnar dregur úr endingu rafhlöðunnar hverju sinni og þarf því oftast að hlaða hana. Gæta skal þess að hún gangi ekki á meðan aðrar aðgerðir eru framkvæmdar í símanum.

Tímataka og millitími

1. Stutt er á **Valmynd**, valið **Aukakostir**, **Skeiðklukka** og **Millitímar**.

Hægt er að velja **Halda áfram** ef tímamælingin var sett til hliðar, t.d. vegna hringingar.

2. Stutt er á **Byrja** til að mæla tímann. Stutt er á **Millitím.** í hvert sinn sem taka á millitíma. Millitímarnir eru skráðir undir heildartímann á skjánum. Skrúnað er til að skoða tímana.

3. Stutt er á **Hætta** til að stöðva tímamælinguna.

4. Stutt er á **Valkostir** og valið

Byrja til að hefja tímamælinguna aftur. Nýja tímanum er bætt við fyrri tímann.

Stutt er á **Vista** til að vista tímann. Nýtt heiti fyrir vistaða tímann er fært inn og stutt á **Í lagi**. Ef ekkert heiti er fært inn er heildartíminn notaður sem titill.

Núllstilla til að núllstillja tímann án þess að vista hann.

Hringtímar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Aukakostir*, *Skeiðklukka* og *Hringtímar*. Stutt er á **Byrja** til að hefja tímamælinguna og **Hringur** til að taka millitímann. Stutt er á **Hætta** til að stöðva tímamælinguna. Ef stutt er á **Valkostir** er hægt að vista eða núllstillast skeiðklukkuna. Sjá Tímataka og millitími hér á undan.

Tímar skoðaðir og þeim eytt

Stutt er á **Valmynd**, valið *Aukakostir* og *Skeiðklukka*.

Ef ekki er búið að núllstillast skeiðklukkuna er hægt að velja *Sýna síðasta* til að skoða síðustu tímamælinguna. Valið er *Skoða tíma* og listi yfir heiti eða lokatíma birtist, síðan er tíminn sem á að skoða valinn.

Ef eyða á vistuðum tíma er stutt á **Valkostir** og valið *Eyða tímum*. Valið er *Öllum samtímis* og stutt á **Í lagi** eða valið *Einum í einu* og skrundað að tímunum sem á að eyða. Stutt er á **Eyða** og síðan á **Í lagi**.

■ WAP-þjónusta (valmynd 13)

Sjá einnig WAP (Wireless Application Protocol) á bls. 18.



Til athugunar: Þessa aðgerð er aðeins hægt að nota ef kveikt er á símanum. Ekki má kveikja á símanum þar sem notkun þráðlausra síma er bönnuð eða þar sem hún kann að valda truflunum eða hættu.

WAP-þjónustan notar umbrotsmál sem nefnist WML (Wireless Mark-Up Language) á WAP-síðum sínum. Vefsíður þar sem umbrotsmálið HTML (Hyper Text Mark-Up Language) er notað er ekki hægt að skoða í símanum.

Undirstöðuatriði varðandi aðgang og notkun á WAP-þjónustu

1. Þjónustustillingarnar sem eru nauðsynlegar til að nota WAP-þjónustu eru vistaðar. Sjá Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu hér á eftir og Skjástillingar WAP-vafrans á bls. 96.
2. Tengst er viðkomandi WAP-þjónustu. Sjá Tengst WAP-þjónustu á bls. 93.
3. Vafrað er á síðum WAP-þjónustunnar. Sjá Vafrað á síðum WAP-þjónustu á bls. 94.
4. Að vafrinu loknu er tengingin við WAP-þjónustuna rofin. Sjá WAP-tenging rofin á bls. 96.

Síminn settur upp fyrir WAP-þjónustu

Mögulegt er að þjónustustillingarnar berist frá símafyrirtæki eða þjónustuveitu sem textaboð þar sem boðin er sú WAP-þjónusta sem ætlunin er að nota. Nánari upplýsingar veita símafyrirtæki eða þjónustuveita, sjá einnig vefsetur Club Nokia (www.club.nokia.com).

Stillingarnar má einnig færa inn handvirkt. Símafyrirtæki eða þjónustuveita veitir upplýsingar um viðeigandi stillingar. WAP-stillingarnar geta t.d. verið aðgengilegar á vefsetri símafyrirtækisins eða þjónustuveitunnar.

Mótteknar þjónustustillingar vistaðar

Þegar tekið er við þjónustustillingum sem textaboðum birtist *Þjónustustillingar mótteknar* á skjánum.

- Ef vista á mótteknu stillingarnar og gera þær virkar er stutt á **Valkostir** og valið **Vista**.
Ef engar stillingar eru vistaðar í *Virkar þjónustustillingar* verða stillingarnar vistaðar í fyrstu lausu tengiskilgreiningunni og einnig gerðar virkar.
- Ef fleygja á mótteknu stillingunum er stutt á **Valkostir** og valið **Fleygja**.
- Ef skoða á mótteknu stillingarnar fyrst er stutt á **Valkostir** og valið **Skoða**. Ef vista á stillingarnar er stutt á **Vista**.

Þjónustustillingarnar færðar inn handvirkt

1. Stutt er á **Valmynd**, valið **Þjónusta** og **Stillingar**.

2. Valið er **Virkar þjónustustillingar**.

Nauðsynlegt er að gera pakkann virkan þar sem vista á þjónustustillingarnar. Pakki er safn stillinga sem nauðsynlegar eru til að tengjast WAP-þjónustu.

3. Skrunað er að pakkanum sem gera á virkan og stutt á **Kveikja**.

4. Valið er **Breyta virkum þjónustustillingum**.

Þjónustustillingarnar eru valdar, ein í einu, og nauðsynlegar stillingar færðar inn.

- **Nafn stillinga** - Nýtt heiti stillingasafns er fært inn og stutt á **Í lagi**.
- **Veffang** - Fært er inn vefsetur heimasíðu WAP-þjónustunnar sem á að nota og stutt á **Í lagi**.
- **Tegund tengingar** - Valið er **Áframhaldandi** eða **Bráðabirgða**.
- **Varin tenging** - Valið er **Virk** eða **Óvirk**.

Þegar tengiöryggið er stillt á **Virk** reynir síminn að tengjast WAP-þjónustunni á öruggan hátt. Ef öryggistenging er ekki tiltæk verður engin tenging. Eigi samt sem áður að tengja við óörugga tengingu verður að stilla tengiöryggið á **Óvirk**.

- **Gagnaflutningsmáti** - Valið er **Gagnasending** eða **GPRS**. Símafyrirtæki eða þjónustuveita veitir nánari upplýsingar um verð, tengihraða, o.s.frv.

Eftirfarandi valkostir fara eftir gagnaflýtyjanda:

Þegar **Gagnasending** er valið sem gagnaflýtyjandi:

- **Innhringinúmer** - Símanúmerið er fært inn og stutt á **Í lagi**.

- *IP-netfang* - Netfangið er fært inn og stutt á **Í lagi**. Hægt er að nálgast IP-netfangið hjá símafyrirtæki eða þjónustuveitu.
- *Tegund aðgangskorts* - Valið er *Varið* eða *Venjulegt*.
- *Tegund gagnasendingar* - Valið er *Analog* eða *ISDN*.
- *Hraði gagnasendingar* - Hraðinn sem á að nota er valinn eða *Sjálfsvalinn*. Stillingin *Sjálfsvalinn* er aðeins tiltæk ef gagnasendingartegundin sem var valin er *Analog*. Raunverulegur hraði gagnasendingarinnar er undir þjónustuveitunni kominn.
- *Tegund innskráningar* - Valið er *Handvirk* eða *Sjálfvirk*. Ef *Sjálfvirk* er valið er notandanafnið og aðgangsorðið sem færð voru inn í eftirfarandi stillingum notuð við innskráninguna. Ef valið er *Handvirk* þarf upplýsingar um innskráningu við tengingu.
- *Notandanafn* - Notandanafnið er fært inn og stutt á **Í lagi**.
- *Lykilorð* - Aðgangsorðið er fært inn og stutt á **Í lagi**.

Þegar *GPRS* er valið sem gagnaflýttjandi:

- *GPRS-tenging* - Valið er *Sítenging* eða *Þegar þörf er*.

Ef valið er *Þegar þörf er* verður GPRS-tengingin notuð þegar tengst er WAP-þjónustu og henni lokað þegar WAP-tengingin er rofin.

- *GPRS-aðgangsstaður* - Heiti aðgangsstaðarinnar er fært inn og stutt á **Í lagi**.

Heiti aðgangsstaðarinnar er nauðsynlegt svo hægt sé að tengjast GPRS-neti. Hægt er að nálgast heiti aðgangsstaðarinnar hjá símafyrirtæki eða þjónustuveitu.

- *IP-netfang* - Netfangið er fært inn og stutt á **Í lagi**. Hægt er að nálgast IP-netfangið hjá símafyrirtæki eða þjónustuveitu.
- *Tegund aðgangskorts* - Valið er *Varið* eða *Venjulegt*.

- *Tegund innskráningar* – Valið er *Handvirk* eða *Sjálfvirk*. Ef valið er *Handvirk* þegar *GPRS-tening* er stillt á *Sítenging*, verður stillingin *Sítenging* gerð óvirk.
- *Notandanafn* – Notandanafnið er fært inn og stutt á *Í lagi*.
- *Lykilorð* – Aðgangsorðið er fært inn og stutt á *Í lagi*.

Tengst WAP-þjónustu

Fyrst þarf að ganga úr skugga um að þjónustustillingar WAP-þjónustunnar séu virkar. Stillingarnar gerðar virkar:

- Stutt er á *Valmynd*, valið *Þjónusta* og *Stillingar*. Valið er *Virkar þjónustustillingar* og skrúnað að pakkanum sem gera á virkan og stutt á *Kveikja*.

Síðan er tengst viðkomandi WAP-þjónustu. Hægt er að tengjast á þrjá vegu:

- Farið er á heimasíðu WAP-þjónustunnar:

Stutt er á *Valmynd*, valið *Þjónusta* og *Heima*.



Ábending: Flýtleið til að opna heimasíðu WAP-þjónustunnar:

Stutt er á  í biðham og takkanum haldið niðri.

EDA

- Bókamerki WAP-þjónustunnar valið:

Stutt er á *Valmynd*, valið *Þjónusta*, *Bókamerki* og bókamerki valið.

Ef bókamerkið virkar ekki með völdum þjónustustillingum eru aðrar þjónustustillingar gerðar virkar og reynt aftur.

EDA

- Netfang WAP-þjónustunnar fært inn:

Stutt er á **Valmynd**, valið **Þjónusta** og síðan **Fara á veffang**. Netfang WAP-þjónustunnar er fært inn, stutt er á  til að færa inn sértákn og stutt á **Í lagi**.

Bent er á að ekki er nauðsynlegt að nota forskeytið http:// fyrir framan netfangið þar sem því er sjálfkrafa bætt við.

Vafrað á síðum WAP-þjónustu

Þegar tengst hefur verið WAP-þjónustu er hægt að vafra um WAP-síðurnar. Aðgerðatakkarnir á símanum geta verið mismunandi eftir WAP-þjónustum. Textaleiðbeiningum á skjá símans er fylgt. Nánari upplýsingar fást hjá WAP-þjónustuveitunni.

Bent er á að ef GPRS er gagnaflýttjandinn birtist  efst í vinstra horni skjásins meðan vafrað er. Ef hringt er í eða úr símanum meðan tengst er um GPRS birtist  efst í hægra horni skjásins. GPRS-sambandi er hætt.

Almennar leiðbeiningar um notkun takka símans

- Skrunatakkarnir  eða  eru notaðir til að skoða WAP-síðu.
- Ef velja á auðkenndan hlut er stutt á .
- Stutt er á lyklna  -  til að færa inn bók- og tölustafi og lyknilinn  til að færa inn sértákn.
- Sumir eða allir af eftirfarandi valkostum eru tiltækir meðan tengst er WAP. Stutt er á **Valkostir** og kostur valinn.

Heima - til að fara aftur á heimasíðu WAP-þjónustunnar

Bókamerki - listi yfir bókamerki birtist. Nánari upplýsingar, sjá Bókamerki á bls. 97.

Breyta / Velja röð / Velja tengil / Velja lista – til að færa inn texta eða velja auðkenndan hlut á WAP-síðunni.

Nýtt bókamerki – til að bæta við valinni WAP-síðu sem bókamerki á listann yfir bókamerki.

Fara á veffang – til að færa inn vefsíðu viðkomandi WAP-þjónustu.

Þjónustuhólf – listi yfir þjónustuboð birtist, sjá Þjónustuhólf á bls. 96.

Útlitsstillingar – nánari upplýsingar, sjá Skjástillingar WAP-vafra á bls. 96.

Stillingar fyrir fótspor – nánari upplýsingar, sjá Stillingar til að sækja af neti á bls. 97.

Taka númer – til að afrita númer af valinni WAP-síðu til geymslu eða til að hringja í (endar WAP-tenginguna). Ef nokkur númer eru á WAP-síðunni er eitt valið.

Hlaða aftur – til að endurhlaða og uppfæra valda WAP-síðu.

Tæma skyndim. – nánari upplýsingar, sjá Skyndiminnið á bls. 99.

Uppl. um öryggi – til að skoða öryggisupplýsingar um valda WAP-tengingu og þjóninn.

Hætta – til að hætta að vafra og ljúka símtalinu.

Beint val úr WAP

Sumar WAP-síður styðja aðgerðir sem hægt er að nota meðan vafrað er. Þetta er sýnt á WAP-síðunni. T.d. gæti verið hægt að

- hringja meðan verið er á WAP-síðu.
- senda DTMF-tóna meðan símtal er í gangi.
- vista nafn og símanúmer á WAP-síðu í símaskránni.

Síminn biður um staðfestingu áður en aðgerðin er framkvæmd.

WAP-tenging rofin

Meðan verið er að nota WAP-þjónustu er stutt á **Valkostir** og valið **Hætta**. Þegar **Hætta að vafra?** birtist er stutt á **Já**.

Að öðrum kosti er stutt á . Ef **Gagnasending** er valið sem gagnaflytjandi er stutt tvistar á . Símtalið er rofið og þar með tengingin við WAP-þjónustuna.

Skjástillingar WAP-vafrans

1. Þegar engin WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á **Valmynd**, valið **Þjónusta**, **Stillingar** og **Útlitsstillingar**.

Þegar WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á **Valkostir** og valið **Útlitsstillingar**.

2. Valið er **Línuskiptingar** eða **Sýna myndir**.
3. Velja skal **Virkar** eða **Óvirkar** fyrir **Línuskiptingar** og **Já** eða **Nei** fyrir **Sýna myndir**.

Þegar **Línuskiptingar** er stillt á **Virkar** heldur textinn áfram í næstu línu ef hann kemst ekki fyrir á einni línu.

Þegar **Sýna myndir** er stillt á **Nei** eru myndir á WAP-síðunni ekki birtar. Það getur hraðað vafri á WAP-síðum þar sem myndir eru margar.

Stillingar til að sækja af neti

Hægt er að stilla símann þannig að hann heimili fótspor eða hafni þeim.

Fótspor geyma gögn sem WAP-setrið vistar í skyndiminni vafrans. Gögnin geta t.d. verið notandaupplýsingar eða stillingar fyrir vafrann. Fótspor eru geymd þar til skyndiminnið er tæmt, sjá Skyndiminnið á bls. 99.

1. Þegar engin WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á [Valmynd](#), valið [Þjónusta](#), [Stillingar](#) og [Stillingar fyrir fótspor](#).

Þegar WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á [Valkostir](#) og valið [Stillingar fyrir fótspor](#).

2. Valið er [Fótspor](#) og síðan [Heimila](#) eða [Hafna](#) til að heimila fótspor eða hafna þeim.

Bókamerki

Hægt er að geyma allt að 25 WAP-vefföng sem bókamerki í minni símans. Þessi aðgerð notar breytilega minnið. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.

1. Þegar engin WAP-tenging er í gangi

Stutt er á [Valmynd](#), valið [Þjónusta](#) og [Bókamerki](#).

Þegar WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á [Valkostir](#) og valið [Bókamerki](#).

2. Skrunað er að bókamerkinu sem á að nota og stutt á [Valkostir](#).

3. Einn af eftirfarandi valkostum er valinn:

- [Fara til](#) til að tengjast WAP-síðunni sem tengist bókamerkinu.

- [Breyta](#) eða [Eyða](#) til að breyta eða eyða bókamerkinu sem var valið.
- [Senda](#) til að senda bókamerkið sem var valið í annan síma sem SMS, [Sem bókamerki](#).
- [Nýtt bókamerki](#) til að búa til nýtt bókamerki án þess að tengjast WAP-þjónustu. Netfang og titill WAP-síðunnar er fært inn og stutt á [Í lagi](#).



Til athugunar: Í símanum gætu þegar verið bókamerki sem vísa í vefsetur sem ekki tengjast Nokia. Nokia hvorki ábyrgist né hvetur til notkunar þessara vefsetra. Ef valið er að heimsækja þessi vefsetur skal beita sömu öryggisráðstöfunum og fyrir öll önnur setur.

Bókamerki móttekið

Þegar bókamerki berst sem textaboð er stutt á [Valkostir](#) og valið [Skoða](#) til að skoða bókamerkið, [Vista](#) til að vista það eða [Flegja](#) til að flegja því.

Þjónustuhólf

Síminn getur tekið við þjónustuboðum (tilkynningar) frá þjónustuveitunni. Þjónustuboð geta t.d. verið fréttafyrirsagnir og innihaldið textaboð eða netfang WAP-þjónustu.

1. Þjónustuhólfíð opnað án WAP-tengingar

Þegar tekið er á móti þjónustuboðum birtist [1 þjónustuskilaboð fengin](#) á skjánum. Stutt er á [Skoða](#) til að fara í [Þjónustuhólf](#).

Ef stutt er á [Hætta](#) eru boðin flutt í [Þjónustuhólf](#). Ef fara á síðar í [Þjónustuhólf](#) er stutt á [Valmynd](#), valið [Þjónusta](#), og [Þjónustuhólf](#).

Þegar WAP-tenging stendur yfir

Stutt er á [Valkostir](#) og valið [Þjónustuhólf](#).

2. Skrunað er að viðeigandi boðum og stutt á **Valkostir**.

Valið er **Sækja** til að gera WML-vafrann virkan og sækja viðkomandi efni.

Valið er **Frek. uppl.** til að birta upplýsingar um þjónustutilkynninguna.

Valið er **Eyða** til að eyða valinni þjónustutilkynningu.

Síminn stilltur til að taka á móti þjónustuboðum

Stutt er á **Valmynd**, valið **Þjónusta**, **Stillingar**, **Stillingar f. þjónustuhólf** og **Þjónustuskilaboðum**. Ef síminn á að móttaka þjónustuboð er valið **Kveikt**. Ef valið er **Slökkt** móttekur síminn ekki þjónustuboð.

Skyndiminnið



Til athugunar: Upplýsingarnar eða þjónustan sem aðgangur fékkst að eru vistaðar í skyndiminni símans. Skyndiminni er biðminni sem er notað til að vista gögn til skamms tíma. Ef reynt hefur verið að fá aðgang að eða aðgangur fenginn að trúnaðarupplýsingum sem þarf lykilorð fyrir (til dæmis bankareikningsnúmer) skal tæma skyndiminnið í símanum eftir að það er notað.

Síminn styður allt að 20 færslur í skyndiminninu. Þessi aðgerð notar breytilega minnið. Nánari upplýsingar eru í Breytilegt minni á bls. 15.

Skyndiminnið tæmt án tengingar við WAP

Stutt er á **Valmynd**, valið **Þjónusta** og **Tæma skyndim..**

Skyndiminnið tæmt þegar tengst er WAP

Stutt er á **Valkostir** og valið **Tæma skyndim..**

Öryggistákn

Ef öryggistáknið  birtist meðan WAP-tenging stendur yfir er gagnaflutningurinn milli símans og WAP-gáttarinnar eða WAP-þjónsins (auðkenndur með *IP-netfang* í *Breyta virkum þjónustustillingum*) dulkótaður og öruggur.

Öryggistáknið gefur þó ekki til kynna að gagnaflutningurinn milli gáttar og gagnabþjóns (staður þar sem nauðsynleg tilföng eru geymd) sé öruggur. Það er undir þjónustuveitunni komið að gagnaflutningurinn milli gáttarinnar og gagnabþjónsins sé öruggur.

Öryggiseining

Öryggiseiningin veitir aðgang að öryggisþjónustu fyrir WAP-tengdan hugbúnað og gerir notendum kleift að nota rafræna undirskrift símans. Ef hún er fyrir hendi er öryggiseiningin í SIM-kortinu og þá sem sérþjónusta frá þjónustuveitunni. Í henni geta verið vottorð og dreifilyklar og einkalyklar til að stýra vottorðunum. Útgefandi SIM-kortsins eða þjónustuaðilinn setur vottorðin og lyklana í öryggiseininguna.

Rafræn undirskrift

Með rafrænu undirskriftinni er t.d. hægt að skrifa með rafrænum hætti undir reikning eða viðskiptasamning. Með einkalyklinum og viðtengda vottorðinu sem var notað við undirskriftina er hægt að rekja undirskriftina til þess sem skrifar, svo að rafræn undirskrift jafnast fyllilega á við undirskrift reiknings á blaði, prentaðs samnings eða annars skjals.

Rafræn undirskrift er hafin með tákni sem er á WAP-síðu. Sjá einnig Aðgangsnúmer á bls. 14. Valin er vara sem á að kaupa. Rafræna undirskriftin fer í gang og sýnir textann sem á að undirrita. Þá þarf að athuga að texti haussins sé *Lesu* og teiknið fyrir rafræna undirskrift  sjáist.



Til athugunar: Ef teiknið fyrir rafræna undirskrift birtist ekki hefur öryggi brugðist og notandinn ætti ekki að færa inn neinar persónulegar upplýsingar, eins og t.d. PIN-undirskrift.

Skrifað er undir textann sem birtist með því að velja **Undirrita**, þegar búið er að lesa allan textann.



Til athugunar: Hugsanlega kemst textinn ekki fyrir á einum skjá. Því þarf að gæta þess að skruna gegnum hann allan og lesa hann áður en hann er undirritaður.

Valið er notandavottorðið sem á að nota. PIN-undirskriftin er færð inn og stutt á **Í lagi**. Þar sem PIN-númerið verður ekki sent út fyrir símann verður það áfram leynt. Síminn birtir staðfestingu: **Öryggislykill samþykktur**. Ef fært er inn rangt PIN-númer birtist villuboð: **Lykill ekki réttur** og notandi er beðinn að færa PIN-númerið inn aftur. Þegar staðfesting hefur birst hverfur teiknið um rafræna undirskrift og skrun heldur áfram. WAP-þjónustan birtir ef til vill staðfestingu á innkaupunum.

Vottorð

Til eru þrenns konar vottorð:

- Vottorð þjóns

Vottorð þjóns er sent frá þjóninum til símans og öryggi þess er prófað með heimildarvottorðunum sem geymd eru í öryggiseiningunni. Þannig má treysta því að WAP-gátt eða WAP-þjónn villi ekki á sér heimildir.

Tilkynning birtist á skjá símans ef ekki er hægt að sannprófa kenni WAP-þjóns eða WAP-gáttar, ef vottorð þjónsins eða gáttarinnar eru ekki sannvottuð eða ef rangt heimildarvottorð er í símanum.

- Heimildarvottorð

Heimildarvottorð eru notuð hjá sumum WAP-þjónustum, svo sem bankaþjónustum, til að sannprófa undirskriftir eða vottorð þjóna eða önnur heimildarvottorð.

- Notandavottorð

Notandavottorð eru gefin út af þar til bærum vottunaraðila. Þau tengja notandann við sérstakan einkalykil í öryggiseiningunni.

Stillingar öryggiseiningar

Stutt er á **Valmynd**, valið *Þjónusta*, *Stillingar* og *Stillingar f. öryggiseiningu*. Ef engin öryggiseining er í símanum birtist *Bæta inn öryggiseiningu*.

Í valmyndinni *Stillingar f. öryggiseiningu* eru eftirfarandi kostir:

- *Upplýsingar um öryggiseiningu* sýnir merki öryggiseiningarinnar, stöðu, framleiðanda og raðnúmer.
- *Biður um PIN f. öryggiseiningu*, ef **Á** er valið er beðið um PIN-númer einingarinnar. PIN-númer öryggiseiningar fylgir SIM-kortinu.
- *Breyta PIN f. öryggiseiningu* sýnir lista yfir PIN-númer öryggiseiningar ef þau eru fleiri en eitt í símanum. PIN-númer öryggiseiningar fylgir SIM-kortinu. Valið er PIN-númer sem á að breyta.
- *Breyta PIN-undirskrift* sýnir lista yfir undirskriftir ef þær eru fleiri en ein í símanum. PIN-undirskriftin fylgir SIM-kortinu. Valin er undirskrift sem á að breyta.

Ef rangt PIN-númer er fært inn getur birst *Lokað fyrir PIN-númeri* og notandi er beðinn að færa inn PUK-númer. Leita þarf til þjónustuaðila eftir PUK-númeri og færa það síðan inn. Ef færa á það inn síðar verður fyrst að reyna að nota PIN og þá er beðið um PUK-númerið.

■ SIM-þjónusta (valmynd 14)

Auk aðgerðanna sem eru í símanum getur verið að SIM-kortinu fylgi viðbótarþjónusta sem hægt er að birta í valmynd 14. Valmynd 14 er eingöngu sýnd ef SIM-kortið styður hana. Heiti og efni valmyndarinnar fer alveg eftir því hvaða þjónusta er tiltæk.



Til athugunar: Upplýsingar um notkun, verð og framboð á SIM-þjónustu fást hjá söluaðila SIM-kortsins, til dæmis símafyrirtæki, þjónustuveitu eða öðrum söluaðilum.

Hægt er að stilla símann svo að hann sýni staðfestingarboð sem send eru milli símans og netsins þegar verið er að nota SIM-þjónustu með því að velja **Já** í valmyndinni 4-4-5 (*Staðfesta SIM-aðgerð*).

Bent er á að með aðgangi að þessari þjónustu gæti fylgt að senda þurfi textaboð (SMS) eða hringja símtal sem notandi greiðir.



8. Gagna- og símbréfasendingar

Hægt er að flytja gögn í önnur samhæf tæki þegar Nokia 6310i farsíminn er tengdur við samhæfa PC-tölvu um IR-tengingu, kapal eða blátönn.

Ef senda á og taka á móti tölvupósti og símbréfum, tengjast tölvum og fara á Internet, þarf einnig að setja upp viðeigandi hugbúnað fyrir gagna- og símbréfasendingar á tölvunni. Hægt er að nota Nokia 6310i farsíma með ýmsum tiltækum forritum fyrir gagna- og faxesendingar.

Ef nota á símann sem mótað þarf fyrst að setja hann upp sem mótað.

■ Samskiptaforrit og mótaðsreklar

Á vefsetri Nokia, www.nokia.com/phones/6310i, má finna nauðsynlegar kerfisskrár fyrir gagnasamskipti og leiðbeiningar um uppsetningu. Einnig má finna þar upplýsingar um hvernig setja skal upp tæki og hugbúnað sem notuð eru með Nokia 6310i farsímanum.

PC Suite

PC Suite inniheldur forrit sem auðvelda notandanum

- að hafa umsjón með ýmsum símaaðgerðum í tölvunni sinni.
- að samstillta tengiliði og dagbókaratriði milli símans og tölvunnar.
- að teikna og breyta táknum fyrir viðmælendahópa og myndboðum.
- að búa til nýja hringitóna fyrir símann.
- að velja tegund tengingar sem nota á þegar síminn er tengdur við tölvu notandans.
- að taka öryggisafrit og endurheimta persónulegar upplýsingar úr síma í tölvu eða annan síma.
- að setja upp Java-aðgerðir af PC í símanum.

Mótaldsuppsetning

Í mótaldsuppsetningu er eftirtalið sett upp á tölvunni.

- N6310i gagna- og faxmótaldstengi sem gerir notandanum kleift að nota símann sem mótald í gagna- og faxhringingum.
- Nokia Modem Options hugbúnaður sem notaður er til að stilla valkosti fyrir gagnahringingar. Hér eru stillingar fyrir HSCSD og GPRS.

GPRS – Fjarskiptaþjónusta

Sjá einnig Mótaldsstillingar fyrir GPRS á bls. 68.

HSCSD (High Speed Circuit Switched Data)

Með GSM-háhraðagagnaþjónustunni er hægt að nota Internet og aðra þjónustu hraðar en venjulega. Þegar tölvupóstur er sendur eða tekið á móti honum er hægt að tvöfalda 14,4 kbás gagnaflutningshraðann í 28,8 kbás. Með tengingu við Internet er hægt að sækja gögn á allt að 43,2 kbás hraða ef búnaður símafyrirtækis og Internetþjónustu styðja slíkt.

Bent er á að gagnasendingar í HSCSD-ham ganga mun hraðar á rafhlöðu símans en venjuleg símtöl eða gagnasendingar vegna þess að síminn sendir gögnin mun hraðar. Tengja skal símann við hleðslutæki ef notkun er stöðug.

Notkun gagnasamskiptaforrita

- IR-tenging (valmynd 10) eða Blátannartenging (valmynd 11) símans er gerð virk eða tengst við hitt tækið með kapli.
- Ef IR-tenging er notuð þarf að ganga úr skugga um að innrauða tengið á símanum snúi að innrauðu tengi tölvunnar.
- Hefja skal notkun á gagnasamskiptaforritinu í tölvunni.

Upplýsingar um notkun forritsins eru í fylgigögnunum með forritinu.

Ekki er ráðlegt að hringja eða svara símtölum meðan tölvutenging er virk þar sem slíkt getur rofið aðgerðina.

Síminn er lagður á hvolf á sléttan flöt til að auka afköst við gagnasendingar. Ekki má halda á símanum og hreyfa hann þegar verið er að senda gögn.

9. Um rafhlöður

■ Hleðsla og afhleðsla

Siminn gengur fyrir rafhlöðu sem hægt er að endurhlaða.

Hafa ber hugfast að rafhlaða nær ekki fullum afköstum fyrr en hún hefur verið hlaðin og afhlaðin tvisvar til þrisvar sinnum!

Hægt er að hlaða og afhlaða rafhlöðu nokkur hundruð sinnum en að því kemur að hún gengur úr sér. Þegar vinnslutími (taltími og biðtími) er orðinn áberandi stuttur er tímabært að kaupa nýja rafhlöðu.

Aðeins má nota rafhlöður sem samþykktar eru af framleiðanda símans og aðeins má endurhlaða rafhlöðu með hleðslutækjum sem framleiðandinn hefur samþykkt. Taka skal hleðslutækið úr sambandi þegar það er ekki í notkun. Óráðlegt er að rafhlaða sé tengd hleðslutæki lengur en vikutíma þar sem ofhleðsla getur stýtt endingartíma hennar. Fullhlaðin rafhlaða afhleðst sjálfkrafa með tímanum ef hún er ekki í notkun.

Sveiflur í hitastigi geta haft áhrif á hleðslugetu rafhlöðunnar.

Aðeins má nota rafhlöðuna til þess sem hún er ætluð.

Aldrei skal nota skemmt hleðslutæki eða rafhlöðu.

Gæta skal þess að valda ekki skammhlaupi í rafhlöðunni. Skammhlaup getur orðið fyrir slysi þegar málmlutur (mynt, bréfastklemma eða penni) veldur beinni tengingu milli + og - skautanna á rafhlöðunni (málrandanna á rafhlöðunni), til dæmis þegar vararafhlaða er höfð í vasa eða tösku. Skammhlaup milli skautanna getur valdið skemmdum á rafhlöðunni eða hlutum sem veldur tengingunni.

Ef rafhlaðan er skilin eftir í miklum hitum eða kuldu, til dæmis í lokuðum bíl að sumar- eða vetrarlagi, dregur það úr afkastagetu hennar og endingu. Æskilegast er að rafhlaðan sé alltaf höfð í hita á bilinu frá 15 °C til 25 °C. Sími með of heitri eða of kaldri rafhlöðu getur orðið óvirkur um tíma, þó svo að rafhlaðan sé fullhlaðin. Einkum hefur mikið frost áhrif á rafhlöður.

Ekki má fleygja rafhlöðum í eld!

Farga skal rafhlöðum í samræmi við staðbundnar reglugerðir (t.d. endurvinnslu). Ekki má fleygja þeim með heimilisúrgangi.

Í símanum fer saman frábær hönnun og flókin tækni sem fara þarf gætilega með. Eftirfarandi leiðbeiningar hjálpa til við að uppfylla skilmála ábyrgðarinnar og geta stuðlað að betri endingu.

- Geyma skal símann og alla fylgihluti hans þar sem börn ná ekki til.
- Halda skal símanum þurrum. Úrkoma, raki og hvers kyns vökvar geta innihaldið steinefni sem tæra rafrásirnar.
- Ekki má nota símann á rykugum og óhreinum stöðum né geyma hann þar. Færanlegu hlutirnir í honum geta skemmt.
- Ekki má geyma símann á heitum stað. Hátt hitastig getur dregið úr endingu rafeindatækja, skemmt rafhlöður og undið eða brætt sum plastefni.
- Ekki má geyma símann í miklum kulda. Þegar síminn hitnar (upp að eðlilegu hitastigi) getur raki myndast innan í símanum og hann getur skemmt rafrásarþjöld.
- Ekki skal reyna að opna símann. Meðhöndlun viðvaninga gæti skemmt símann.
- Símanum má ekki henda, ekki má banka í hann eða hrista hann. Óvarleg meðferð skemmt innri rafrásarþjöld.
- Ekki má nota sterk efni, leysiefni til hreingerninga eða sterk hreinsiefni til þess að þrifa símann.
- Ekki má mála símann. Málningin getur fest hreyfanlega hluti tækisins og komið í veg fyrir að þeir vinni rétt.
- Aðeins má nota loftnetið sem fylgir með símanum eða samþykkt varaloftnet. Ósamþykkt loftnet, breytingar á því eða viðbætur, gætu skemmt símann og kunna að brjóta í bága við ákvæði laga um senditæki.

Allar ofangreindar ábendingar eiga jafnt við símann, rafhlöðuna, hleðslutækið eða annan fylgibúnað. Ef einhver þessara hluta vinnur ekki rétt skal leita til næsta viðurkennda þjónustuaðila og starfsfólk þar aðstoðar notandann og sér um viðgerð ef þörf krefur.

MIKILVÆGAR ÖRYGGISUPPLÝSINGAR

■ Umferðaröryggi

Ekki má nota handsíma við akstur ökutækis. Alltaf skal festa símann í þar til gert hald, ekki má leggja símann í farþegasæti eða þar sem hann getur kastast til við árekstur eða skyndilega stöðvun.

Hafa ber í huga að umferðaröryggi gengur fyrir!

■ Vinnuumhverfi

Hafa ber í huga að farið sé að öllum sérstökum reglugerðum sem gilda á hverju svæði og að slökkva alltaf á símanum þar sem notkun hans er bönnuð, eða þar sem hann kann að valda truflun eða hættu.

Síminn notist aðeins í hefðbundinni stöðu.

Hlutar símans eru segulmagnaðir. Ekki má láta málmefni dragast að símanum og fólk með heyrnartæki ætti ekki að halda símanum upp að eyranu með heyrnartækinu. Alltaf skal festa símann í haldinu því málmefni gætu dregist að heyrnartólinu. Ekki má geyma kreditkort eða aðra segulmagnaða hluti með geymsluminni nálægt símanum því upplýsingar sem þar eru geymdar gætu þurrkast út.

■ Rafeindatæki

Flest nýleg rafeindatæki eru varin fyrir útvarpsmerkjum (RF). Þó kunna sum rafeindatæki að vera óvarin fyrir útvarpsmerkjum frá þráðlausa símanum.

Gangráðar

Framleiðendur gangráða mæla með því að 20 sm (6 tommu) lágmarksbil sé haft á milli þráðlauss handsíma og gangráðs til þess að komist sé hjá hugsanlegri truflun í gangráðinum. Þessi tilmæli eru í samræmi við sjálfstæða rannsókn og tilmæli frá Wireless Technology Research. Notendur gangráða:

- skyldu alltaf halda símanum í meira en 20 sm (6 tommu) fjarlægð frá gangráðinum þegar kveikt er á símanum;
- skyldu ekki ganga með símann í brjóstvasa;
- skyldu nota eyrað sem er fjær gangráðinum til að draga úr líkum á truflunum.
- Ef grunur leikur á að truflun sé að verða skal slökkva á símanum tafarlaust.

Heyrnartæki

Tilteknir stafrænir þráðlausir símar geta truflað tiltekin heyrnartæki. Komi til slíkrar truflunar er ráðlegt að leita til þjónustuveitunnar.

Önnur lækningatæki

Notkun búnaðar sem sendir frá sér útvarpsbylgjur, þar með talin notkun þráðlausra síma, kann að trufla virkni lækningatækja sem ekki eru nægilega vel varin. Hafa skal samband við lækni eða framleiðanda lækningatækisins til þess að komast að því hvort það sé nægilega vel varið fyrir utanaðkomandi útvarpsbylgjum eða til að afla nánari upplýsinga. Slökkva skal á símanum í námunda við heilsugæslustöðvar ef auglýstar reglugerðir þess efnis kveða á um að það sé gert. Sjúkrastofnanir eða heilsugæslustöðvar kunna að nota búnað sem getur verið næmur fyrir utanaðkomandi útvarpsbylgjum.

Ökutæki

Útvarpsbylgjur kunna að hafa áhrif á rafeindakerfi í vélknúnum ökutækjum, séu þau ekki rétt upp sett eða ekki nægilega varin (t.d. getur verið um að ræða rafeindastýrða eldsneytisgjöf, rafeindastýrð hemlakerfi (með læsivörn) rafeindastýrð hraðakerfi, loftpúðakerfi). Hafa skal samráð við framleiðanda eða umboðsmann hans varðandi ökutækið. Einnig er rétt að leita upplýsinga hjá framleiðanda um hugsanlegan aukabúnað með ökutækinu.

Skilti

Slökkva skal á símanum ef skilti segja til um það.

■ Sprengifimt andrúmsloft

Slökkva skal á símanum á svæðum þar sem hættu er á sprengingum og fara að öllum tilmælum sem sjást á skiltum og leiðbeiningum. Neistaflug á slíkum svæðum getur valdið sprengingu eða eldi og haft í för með sér slys og jafnvel dauðsföll.

Notendum er ráðlagt að slökkva á símanum við eldsneytisdælur (á bensinstöðvum). Notendur eru minntir á að virða takmarkanir á notkun útvarpsbúnaðar í eldsneytisgeymslum (svæðum þar sem geymsla og dreifing eldsneytis fer fram), efnaverksmiðjum og þar sem verið er að sprengja.

Svæði þar sem sprengihætta er mikil eru oftast auðkennd en þó ekki alltaf. Sem dæmi má nefna svæði undir þilfari á bátum; svæði þar sem sterk efni eru geymd eða búin til flutnings; ökutæki sem nýta fljótandi svartoliugas (própan eða bútan); svæði þar sem í lofti eru efni eða agnir, til dæmis korn, ryk eða málmduft; og öll þau svæði þar sem yfirleitt er mælt til þess að menn slökkvi á bilvélinni.

■ Ökutæki

Aðeins á að fela fagmönnum að gera við síma eða setja upp síma í ökutæki. Gölluð uppsetning eða viðgerð kann að valda hættu og ógilda hvers kyns ábyrgð sem kann að vera á tækinu.

Ganga skal reglulega úr skugga um að allur þráðlaus símabúnaður í ökutækinu sé rétt uppsettur og vinni rétt.

Ekki má geyma eða flytja eldfima vökva, lofttegundir eða sprengifim efni í sama rými og símann, hluta úr honum eða fylgihluti með honum.

Ef ökutæki er búið loftpúða skal hafa hugfast að loftpúðinn blæs út af miklum krafti. Ekki má setja hluti, þar með talinn uppsettan eða færanlegan þráðlausan búnað, á svæðið yfir loftpúðanum eða á útþenslusvið loftpúðans. Ef þráðlaus búnaður í bil er illa settur upp og loftpúðinn þenst út getur slíkt orsakað alvarleg meiðsl.

Notkun símans meðan á flugi stendur er bönnuð. Slökkva skal á símanum áður en gengið er um borð í flugvél. Notkun þráðlausra síma í flugvél kann að skapa hættu við stjórn flugvélarinnar, rjúfa þráðlaust símasamband og vera brot á lögum.

Ef ekki er farið að þessum leiðbeiningum kann það að leiða til þess að viðkomandi verði synjað um þjónustu eða henni hætt, hann verði sóttur til saka eða hvort tveggja verði gert.

■ Neyðarhringingar



Mikilvægt:

Líkt og aðrir þráðlausir símar nýtir þessi sími útvarpsmerki, þráðlaus kerfi og kapalkerfi, auk notendaforritaðra aðgerða. Því er ekki hægt að tryggja tengingu við hvaða skilyrði sem er. Því skyldi notandi aldrei treysta eingöngu á þráðlausan síma ef um er að ræða bráðnauðsynleg fjarskipti (t.d. í bráðatilvikum).

Neyðarhringingar eru ef til vill ekki mögulegar í öllum þráðlausum símkerfum eða þegar tiltekin símkerfisþjónusta og/eða eiginleikar símans eru í notkun. Hafa skal samráð við þjónustuveitu á staðnum.

Neyðarhringing:

1. Ef slökkt er á símanum skal kveikja á honum. Athuga skal hvort nægilegur sendistyrkur sé fyrir hendi. Í tilteknum símkerfum kann að vera farið fram á að gilt SIM-kort sé rétt sett í símann.
2. Stutt er á  eins oft og þörf krefur (t.d. til að slíta símtali eða hætta í valmynd o.s.frv.) til að hreinsa skjáinn og undirbúa símann fyrir hringingu.
3. Valið er það neyðarnúmer sem gildir á viðkomandi stað (t.d. 112 eða annað opinbert neyðarnúmer). Neyðarnúmer eru breytileg eftir stöðum.
4. Stutt er á takkann .

Ef ákveðnir eiginleikar eru í notkun þarf ef til vill að gera þá óvirka áður en neyðarhringing er möguleg. Fletta skal upp í þessari handbók og hafa samráð við þjónustuveitu á staðnum.

Við neyðarhringingu ber að hafa hugfast að gefa þarf upp allar nauðsynlegar upplýsingar eins nákvæmlega og kostur er. Hafa ber í huga að þráðlausí síminn er ef til vill eina fjarskiptatækið á vettvangi slyss – ekki má leggja á fyrr en að fengnu leyfi viðmælandans.

■ Upplýsingar um vottun (SAR)

ÞESSI SÍMATEGUND ER FRAMLEIDDUR Í SAMRÆMI VIÐ KRÖFUR STJÓRNVALDA UM ÁHRIF AF ÚTVARPSBYLGJUM.

Farsíminn er útvarpssendur og móttökutæki. Hann er hannaður og framleiddur með tilliti til leyfilegra marka um áhrif af útvarpsbylgjum (RF) sem alþjóðanefnd um fjaraskipti (ICNIRP) mælir með. Þessar takmarkanir eru hluti ítarlegra leiðbeininga og eru viðmiðunarreglur um leyfileg mörk útvarpsmerkja sem almenningur geti komist í snertingu við. Þessar leiðbeiningar voru settar af sjálfstæðum vísindastofnunum með reglubundnu og ítarlegu mati á viðeigandi vísindarannsóknunum. Í stöðlunum eru öryggisfrávik talsverð til að tryggja öryggi allra, burtséð frá aldri eða heilsufari.

Í staðli um útvarpsbylgjur úr þráðlausum farsímum er notuð mælieiningin SAR (Specific Absorption Rate). Efri mörk SAR samkvæmt alþjóðlegu leiðbeiningunum eru 2,0 W/kg*. Mælingar á SAR eru gerðar í hefðbundnum stöðum þegar síminn sendir af mesta leyfða styrk á öllum mældum tíðnisviðum. Þó að magn SAR sé mælt á hæsta sendistyrk er SAR-styrkur símans í notkun oft mun lægri en hámarks sendistyrkur. Það er vegna þess að síminn er hannaður til að vinna á mörgum styrkstigum en notar hverju sinni aðeins þann styrk sem til þarf til að ná sambandi við símkerfið. Almenn gildir að því nær sem notandinn er grunnstöð, þeim mun minni styrk notar síminn.

Hæsta SAR-gildi fyrir þessa símategund þegar hún var mæld við notkun við eyrað eru 0,82 W/kg. Þó að SAR-mælingar geti verið breytilegar eftir símtegundum og stöðum eru þær allar í samræmi við viðeigandi alþjóðlegar leiðbeiningar um snertingu við útvarpsmerki.

*Efri mörk SAR fyrir almenna notkun farsíma eru 2,0 wött/kilógramm (W/kg) að meðaltali á hver 10 grömm af líkamsvefjum. Í leiðbeiningunum eru talsverð öryggisfrávik til að auka vernd almennings og taka tillit til frávíka í mælingum. SAR-gildi kunna að vera breytileg milli landa sökum mismunandi upplýsingaskyldu og tíðnisviði. Upplýsingar um SAR í öðrum löndum má finna í upplýsingum um vörur á www.nokia.com

TAKMÖRKUÐ ÁBYRGÐ FRAMLEIÐANDA

Gildir fyrir neytendur í ákveðnum hluta Evrópu Et Afríku

Þessi takmarkaða ábyrgð gildir fyrir kaupanda að vörum frá Nokia Mobile Phones í ákveðnum hluta Evrópu Et Afríku, nema að önnur ábyrgð hafi verið veitt kaupanda af seljanda vörunnar eða af einhverjum fyrir eiganda. Nokia Corporation, Nokia Mobile Phones (Nokia) ábyrgist, með þeirri takmörkun sem greint er frá að neðan, að þessi NOKIA-vara (Varan) er gallalaus varabandi efni, hönnun og framleiðsla þegar hún er afhent neytanda.

1. Þessi takmarkaða ábyrgð gildir aðeins fyrir lokaneytanda vörunnar (Neytandi). Þessi takmarkaða ábyrgð takmarkar ekki i) þann rétt sem Neytandi kann að hafa samkvæmt ófrávikjanlegum lögum eða ii) þann rétt sem Neytandi kann að hafa gagnvart seljanda Vörunnar.
2. Ábyrgðartíminn er tólf (12) mánuðir frá því að Varan var fyrst afhent Neytanda. Ef Neytandi selur Vöruna áfram, getur ný neytandinn aðeins nýtt sér þessa takmörkuðu ábyrgð þann tíma sem eftir er af ábyrgðartíma Neytanda. Þessi takmarkaða ábyrgð gildir aðeins þegar Varan hefur verið keypt í landi sem er aðili að Evrópubandalaginu eða í Bosnía, Bulgáriu, Eistlandi, Íslandi, Ísrael, Króatíu, Kýpur, Lettlandi, Lítáen, Makedoníu, Möltu, Noregi, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Sviss, Tékklandi, Tyrklandi eða í Ungverjalandi.
3. Á meðan á ábyrgðartíma stendur sér Nokia um, samkvæmt eigin vali, að annaðhvort gera við galla í efni, hönnun eða framleiðslu Vörunnar eða afhenda aðra vöru. Nokia sér um að, með viðgerð eða annarri vöru, afhenda Neytanda Vöru sem er gallalaus. Allir hlutir í Vörunni sem Nokia hefur skipt verða eigin Nokia.
4. Ábyrgðartíminn hvorki lengist né endurnýjast fyrir Vöru sem búið er að gera við eða skipta.
5. Þessi takmarkaða ábyrgð gildir ekki vegna galla í máludum hlustum eða öðrum breytingum á Vörunni sem gerðar hafa verið að frumkvæði Neytanda. Ef nauðsynlegt er að opna eða loka s.k. SIM-lock smíðstöðvar, hefur Nokia rétt að krefjast þess að Neytandi snúi sér fyrst til smíðstöðvarinnar til þess að opna eða loka SIM-lock smíðstöðvarinnar áður en Nokia gerir við Vöruna eða afhendir aðra Vöru.
6. Þessi takmarkaða ábyrgð gildir ekki vegna slits af völdum eðlilegrar notkunar. Þessi takmarkaða ábyrgð gildir ekki heldur ef

(i) gallinn stafar af því að Varan hefur verið notuð án þess að fylgja leiðarvísí (owner's / user manual), verið meðhöndluð ógætilega, lent í raka eða vökva eða miklum hita eða kulda eða öðrum kröftugum umhverfisáhrifum eða lent í skyndilegum breytingum á hitastigi eða öðrum umhverfisáhrifum, ryði, oxideringum, ei viðurkenndum breytingum eða tengingum, ei viðurkenndri opnun eða viðgerð, viðgerð með ei viðurkenndum varahlutum, hirðuleysi,

- rangri tengingu, slysi, náttúruöflum, mat- eða vökværestum, áhrifum frá efnasamböndum eða öðrum atburðum sem ekki eru á valdi Nokia (að meðtöldum, án takmarkana, galla í hlutum með takmarkaða lífstíð, svo sem rafhlöðum eða brotið eða skemmt loftnet), nema ef gallinn hefur orsakast beint af galla í efni, hönnun eða framleiðslu;
- (ii) Neytandi hefur ekki látið Nokia, eða viðurkennt þjónustuverkstæði Nokia, vita af gallanum innan þrjátíu (30) daga frá því að gallinn uppgötvaðist á meðan á ábyrgðartímanum stóð;
- (iii) Varan hefur ekki verið send Nokia, eða viðurkenndu þjónustuverkstæði Nokia, innan þrjátíu (30) daga frá því að gallinn uppgötvaðist á meðan á ábyrgðartímanum stóð;
- (iv) búið er að fjarlægja, breyta eða gera ólæsilegt seríunúmer, accessory date kóda eða IMEI-númer Vörunnar;
- (v) gallinn var afleiðing af galla í farsímanetinu;
- (vi) gallinn var afleiðing af því að Varan hefur verið notuð með eða tengd við fylgihlut/útbúnað, sem Nokia hefur ekki framleitt eða boðið fram eða ef Varan hefur verið notuð á annan hátt en ætlast er til;
- (vii) gallinn var afleiðing af skammlaupi í rafhlöðu eða að samskeyting í rafhlöðuhólf eða rafhlöðan sjálf er gölluð eða sýna fram á merki um ytra tjón eða að rafhlöðan hefur verið notuð í öðrum útbúnaði en ætlast er til eða hefur annars verið notuð í öðrum tilgangi en ætlast er til; eða
- (viii) þörf er á uppfærslu á hugbúnaði Vörunnar vegna breytinga í farsímanetinu.
7. Til þess að geta gert kröfur samkvæmt þessari takmörkuðu ábyrgð þarf Neytandi annað hvort að i) sýna læsilegt og óbreytt frumrit af ábyrgðarskírteini, með upplýsingum um nafn og heimilisfang seljanda Vörunnar, dag- og staðsetningu kaupmála, vörugerð og IMEI-númer eða annað seríunúmer, hjá seljanda Vörunnar eða ii) sýna læsilegt og óbreytt frumrit af innkaupskvittun, með sömu upplýsingum og voru nefndar varðandi ábyrgðarskírteini, hjá seljanda Vörunnar.
 8. Þessi takmarkaða ábyrgð skýrir til hlitar frá réttindum Neytanda gagnvart Nokia og skýrir líka til hlitar frá skyldum Nokia gagnvart Neytanda vegna galla í Vörunni. Þessi takmarkaða ábyrgð kemur í staðinn fyrir alla aðra ábyrgð, sem kann að hafa verið veitt, hvort sem slík ábyrgð byggist á munnlegum eða skriflegum upplýsingum, frávikjanlegum lögum, samningi, skaðabótareglum eða öðrum réttarreglum. Nokia ábyrgist ekki undir neinum kringumstæðum fylgiskaða eða óbeint tjón. Nokia ábyrgist ekki heldur undir neinum kringumstæðum beint tjón, kostnað eða útgjöld ef Neytandi er lögðali.
 9. Ekki má vítna til breytinga eða viðbóta við þessa takmörkuðu ábyrgð, ef Nokia hefur ekki fyrirfram samþykkt breytinguna eða viðbótina skriflega.

WARRANTY CARD

FYLLIST Í MEÐ STÓRUM STÖFUM

Nafn Neytanda: _____

Heimilisfang: _____

Land: _____

Símanúmer: _____

Dagsetning kaupmála (dag/mán/ár): / /

Vörugerð (miði undir rafhlöðu): -

Vörumódel (miði undir rafhlöðu):

Seríunúmer (miði undir rafhlöðu):

/ / /

Staðsetning kaupmála: _____

Sölustaður: _____

Heimilisfang sölustaðar: _____



ITEM:
IMEI:

B

Stamp